

SKÝRSLA
UMBOÐSMANNS BARNNA
2017



Skýrsla umboðsmanns barna
1. janúar 2017 - 31. desember 2017

Útgefandi:

Umboðmaður barna
Kringlunni 1, 5 h.
103 Reykjavík
Heimasíða: www.barn.is
Netfang: ub@barn.is
2018
ISSN 1670-5408

Prentun:

Ísafoldarprentsmiðja
Umbrot og hönnun: Kristín Jóna (bongo.is)
Myndir: Hrafnís Tinna Haraldsdóttir



TIL FORSÆTISRÁÐHERRA

Efni skýrslu ársins 2017 að þessu sinni einkennist af því að um mitt ár lauk tíu ára farsælum skipunartíma Margrétar Maríu Sigurðardóttur. Hún skilaði af sér góðu búi og hafði meðal annars látið taka saman ítarlega skýrslu um helstu áhyggjuefni sín, sem var gott veganesti fyrir undirritaða sem tók við keflinu í byrjun júlí. Í ársskýrslunni er tekið mið af þessum tímamótum, þótt leitast sé við að bregða upp mynd af starfseminni yfir allt árið.

Fyrstu mánuðina í embætti umboðsmanns barna notaði ég til að setja mig inn í margvísleg málefni um stöðu barna, greina rekstur embættisins og leggja drög að stefnu fyrir næstu ár. Í október var haldinn stefnumótunarfundur með starfsmönnum þar sem farið var yfir dagleg verkefni og verkferla. Fjölmargar hugmyndir komu fram um það sem betur mætti fara og var í framhaldinu m.a. ákveðið að taka í notkun rafræna málaskrá. Innleiðing hennar hófst í desember en með henni verður auðveldara að halda utan um innsend erindi, og vonir standa til að hún muni auka skilvirkni í starfi. Haustið var einnig nýtt til að hitta fulltrúa stofnana og félagasamtök sem sinna málefnum barna og sem embættið er í samstarfi við.

Embætti umboðsmanns barna er óháð stjórnvöldum og því er það í höndum þess sem því gegnir hverju sinni að móta því stefnu og áherslur, þótt vissulega mótist starfið einnig af þeim erindum sem berast og þeim málefnum sem efst eru á baugi í samfélaginu. Á næstu misserum hyggst embættið leggja aukna áherslu á að eiga frumkvæði að stefnumótandi umræðu í samfélaginu. Vandaðar tölfræðilegar upplýsingar eru grunnur að góðri stefnumótun og því leitaði umboðsmaður eftir samstarfi við Hagstofu Íslands um að gera tölfræðileg gögn um börn aðgengilegri. Þá hyggst embættið á næstu árum greina og meta hvernig réttindi barna eru tryggð í íslensku samfélagi, einkum með því að skoða tiltekna hópa barna hverju sinni. Ákveðið var að hefja skoðun á réttindum barna sem leita alþjóðlegrar verndar og var í því skyni óskað eftir að fá aðgang að úrskurðum kærunefndar útlendingamála frá árinu sem varða börn til að meta málsmeðferð í málum barna. Í tengslum við slíkar greiningar er einnig ætlunin að laða fram raddir barnanna sjálfra með sérfræðihópum að norrænni fyrirmynd.

Þrátt fyrir að margvíslegur árangur hafi náðst á síðustu árum í málefnum barna er víða pottur brotinn. Embætti umboðsmanns barna gegnir mikilvægu hlutverki í að standa vörð um réttindi barna og hagsmuni þeirra. Það er einstakt tækifæri að fá að leiða þetta mikilvæga starf á næstu árum.

Reykjavík 1. september 2018

Salvör Nordal

Efnisyfirlit

Til forsætisráðherra	3
Starfsemi embættisins	7
Hlutverk umboðsmanns barna	7
Verkefni umboðsmanns barna	7
Starfsfólk umboðsmanns barna	8
Fjárveitingar	8
Erindi til umboðsmanns barna	8
Erindi frá börnum	10
Vefmiðlar	11
Umboðsmaður barna í fortíð, nútíð og framtíð - málþing.	11
Kynning á embætti umboðsmanns barna	11
Áhyggjuefni fráfarandi umboðsmanns	13
Samantekt og tillögur.	13
Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna	17
Talsmenn barna á Alþingi	17
Dómur hæstaréttar markar tímamót	18
Stjórnarsáttmáli nýrrar ríkisstjórnar	19
Starfsemi umboðsmanns barna - viðbrögð við erindum og álit	21
Málefni barna í leit að alþjóðlegri vernd.	21
Réttur fatlaðra barna til verndar gegn nauðung.	23
Fjölskyldumálefni	24
Börn fanga á áfangaheimilinu Vernd	24

Barnavernd	25
Skipun talsmanns í barnaverndarmálum	25
Heilbrigðismál	25
Réttur barna til heilbrigðisþjónustu	25
Innöndunartæki fyrir börn með slímseigjusjúkdóm.	27
Skólamál.	28
Réttur barna til menntunar	29
Markaðssetning í framhaldsskólum	31
Fjölmiðlar	31
Réttur barna til friðhelgi einkalífs	31
Viðmið um opinbera umfjöllun fjölmiðla um börn.	32
Lýðræðisleg þátttaka barna	33
Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna	33
Krakkakosningar	34
Könnun á stöðu ungmennaráða sveitarfélaga	34
Umsagnir	37
Samstarf	39
Innlendir samstarfsaðilar	39
Erlent samstarf	41
Heimsóknir, fundir, málþing og ráðstefnur	43
Heimsóknir og fundir	43
Málþing og ráðstefnur	44



STARFSEMI EMBÆTTISINS

Hlutverk umboðsmanns barna

Hlutverk umboðsmanns barna er skilgreint í lögum nr. 83/1994 en honum er ætlað að vinna að bættum hag barna og standa vörð um hagsmuni þeirra, þarfir og réttindi í samræmi við ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem í daglegu tali er nefndur Barnasáttmálinn. Umboðsmaður barna skal vinna að því að tekið sé fullt tillit til barna á öllum sviðum samfélagsins, jafnt hjá opinberum aðilum sem og einkaaðilum, og bregðast við ef brotið er á réttindum þeirra. Umboðsmaður barna á jafnframt að eiga frumkvæði að stefnumarkandi umræðu um málefni barna. Þá er embættinu ætlað að koma með ábendingar og tillögur um það sem betur má fara í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem varða málefni barna. Einnig felst í hlutverki umboðsmanns að kynna almenningi þá löggjöf sem varðar börn sérstaklega.

Umboðsmanni barna er ekki ætlað að taka til meðferðar ágreining milli einstaklinga. Honum er þó skylt að leiðbeina þeim sem til hans leita með slík mál og benda á hvaða leiðir eru færar innan stjórnvæðslunnar og hjá dómstólum.

Verkefni umboðsmanns barna

Lög um umboðsmann barna nr. 83/1994 kveða á um lögbundin verkefni embættisins. Hins vegar ræðst starfsemin að nokkru leyti af þeim erindum sem embættinu berast. Einnig getur umboðsmaður tekið mál til skoðunar að eigin frumkvæði. Hann skal einnig stuðla að því að þjóðréttarsamningar sem Ísland er aðili að, og snerta réttindi og velferð barna, séu virtir. Á það fyrst og fremst við um Barnasáttmálann, en hann er mikilvæg stoð fyrir allt starf embættisins. Á ári hverju sinnir umboðsmaður barna erindum og verkefnum sem snerta fjölmörg svið þjóðfélagsins.

4. gr. Barnasáttmálans

Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnvæðslu, svo og á öðrum vettvangi, til að réttindi þau sem viðurkennd eru í samningi þessum komi til framkvæmda. Hvað efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi snertir skulu aðildarríki gera slíkar ráðstafanir að því marki sem þau framast hafa bolmagn til, og með alþjóðlegri samvinnu þar sem þörf krefur.

Starfsfólk umboðsmanns barna

Nokkur breyting varð á starfsmannaliði embættisins á árinu. Salvör Nordal er nýr umboðsmaður barna og tók hún við embættinu 1. júlí 2017 þegar skipunartíma Margrétar Maríu Sigurðardóttur, sem gegnt hefur embættinu frá 2007, lauk.

Elísabet Gísladóttir, lögfræðingur, hætti störfum hjá embættinu undir lok ársins en hún hefur verið starfandi frá árinu 2008. Aðrir starfsmenn embættisins á árinu 2017 voru þau Eðvald Einar Stefánsson, sérfræðingur í fullu starfi, Þorgerður Einarsdóttir, í hlutastarfi í bókhaldi og Stella Hallsdóttir, í hlutastarfi sem lögfræðingur frá því í byrjun apríl. Um 3,7 stöðugildi voru því yfir árið með umboðsmanni barna.

Þá voru átta háskólanemar í starfsnámi hjá umboðsmanni barna á árinu. Þar af voru sex nemar sem stunduðu nám í lögfræði (fjórir frá Háskóla Íslands og tveir frá Háskólanum í Reykjavík) og tveir nemar sem stunduðu nám í uppeldis- og menntunarfræði frá Háskóla Íslands.

Fjárveitingar

Fjárveiting ársins var um 51,7 milljónir og hefur hækkað lítillega milli ára. Sjá töflu.

Erindi til umboðsmanns barna

Dagleg störf á skrifstofu umboðsmanns barna mótast mikið af þeim erindum sem embættinu berast. Erindin eru af margvíslegum toga og eru það ýmist einstaklingar, bæði börn og fullorðnir, stofnanir, félagasamtök eða fjölmiðlar sem leita til umboðsmanns barna og óska eftir upplýsingum eða ráðgjöf varðandi málefni barna. Einnig berast þó nokkur erindi frá nemendum í grunn-, framhalds- og háskólum þar sem leitað er svara við ýmsu sem snertir réttindi barna og Barnasáttmálann. Málaflokkarnir eru margir og fjölbreytilegir enda koma hagsmunir barna við sögu á flestum sviðum samfélagsins. Ákveðnir málaflokkar eru þó meira áberandi en aðrir og ber þar helst að nefna forsjár- og umgengnismál, mál sem varða lögheimili barna, skólamál, barnaverndarmál og heilbrigðismál.

Þrátt fyrir að umboðsmanni barna sé ekki ætlað að taka til meðferðar ágreining milli einstaklinga eða mál einstaklinga sem eru til meðferðar hjá stjórnvöldum eða dómstólum berast embættinu fjöldi erinda sem varða slík mál. Umboðsmaður barna veitir þeim einstaklingum sem leita til hans eins greinargóðar upplýsingar, leiðbeiningar og ráð og unnt er hverju sinni.

Á árinu 2017 bárust alls 1437 erindi til umboðsmanns barna, þar af voru 857 munnleg og 580 skrifleg. Af þessum erindum voru 143 frá börnum, 104 skrifleg og 39 munnleg. Með munnlegum erindum er átt við öll símtöl sem embættinu berast og viðtöl við einstaklinga sem eiga sér stað á skrifstofu þess. Skrifleg erindi eru allar fyrirspurnir og erindi sem varða ákveðið barn eða hóp barna. Þar að auki berast umboðsmanni barna reglulega ýmiss

konar ábendingar, upplýsingar og boð á viðburði.

Þegar erindi sem embættinu berast eru greind nánar kemur fram að forsjár- og umgengnismál voru um 25% allra erinda, bæði munnlegra og skriflegra sem bárust á árinu. Þá eru erindi sem varða skólamál og frístundir barna nokkuð áberandi sem og erindi sem varða barnavernd og öryggismál barna. Að öðru leyti eru erindin fjölbreytt og koma úr öllum áttum.

Ár Framlag úr ríkissjóði*

1995	7,5
1996	9,6
1997	14,8
1998	17,1
2000	16,4
2001	19,2
2002	20,6
2003	24,6
2004	25,2
2005	25,8
2006	27,3
2007	34,2
2008	37,1
2009	39,2
2010	39,4
2011	37,1
2012	39,9
2013	40,7
2014	42,3
2015	44,2
2016	47,9
2017	51,7

* í milljónum króna

Dæmi um erindi frá fullorðnum

Þykir eðlilegt að senda sms með kosningaáróðri í síma barna? Átta ára barn fékk tvö sms frá tveimur framboðum og númerið hans er hvergi skráð. Mig langar að kanna hvort það sé ekki óeðlilegt að senda svona áróður á börn.

Telst það ekki til mismununar á milli barna að leikskóli, sem rekinn er af [sveitarfélagi], bjóði foreldrum að skrá barn sitt í danskennslu gegn gjaldi sem kennd er í leikskólanum á leikskólatíma?


Getur umboðsmaður barna svarað því hvort framhaldsskóli geti krafist læknisvottorðs vegna fjarvista barns undir 18 ára aldri frá skóla vegna veikinda og ekki látið vottorð frá foreldri duga?

Er skólum ekki skylt að upplýsa foreldra um að það standi til að fram fari úttekt sálfræðings á samskiptum tveggja grunnskólabarna? Ber skólum ekki að fá samþykki foreldra fyrir slíkri úttekt?

Eru einhver opinber viðmið um það hversu lengi 6 og 7 ára börn mega vera ein heima án eftirlits. Ég sé ekkert um þetta í barnalögum.

Eru einhvers staðar til tölur yfir fjölda afbrota sem börn á aldrinum 15-17 ára hafa framið?

Hvert tilkynnir maður ef grunur er um að barn langt undir 18 ára hafi verið að selja tóbak?



Tafla 1. Próun erinda síðustu fimm ár.

Erindi frá börnum

Dæmi um spurningar frá börnum og ungmennum

Má ég flytja út og búa ein? Er 16 ára og líður illa heima.

Má ekki fara í skiptinám á meðan grunnskóla stendur?

Mega foreldrar neyða mig til þess að borða mat sem mér finnst vondur og hóta að taka t.d. síma frá mér ef ég borða ekki matinn minn, sem mér finnst ógeðslegur á bragðið?

Er það réttlátt að þegar þú ert í meiri umgengni hjá mömmu að banna mér að fara til pabba aðra daga en aðra hvora helgi?

Mega foreldrar neyða mann til þess að fara með þeim í sund eða t.d. í afmæli hjá frænda eða frænku sem maður hittir næstum aldrei?

Hvenær má ég löglega fara í lýtaaðgerð?

Mér líður ekki vel í skólanum, skrópa oft til að forðast kynningar og hópverkefni. Hvað gerist ef ég fæ of marga punkta?

Hvenær má maður fá tattú og naflalokk?

Fæ ég að ráða hvaða framhaldsskóla ég fer í?

Hvernig get ég látið ættleiða mig?

Getið þið gefið mér einhver ráð til að minnka bólur?

Er að vinna smá, má leggja launin mín inn á reikning hjá mömmu eða pabba eða verður að leggja þau inn á mig?

Þegar ég er búinn að keppa í fótbolta og við vinnum 3-0, má pabbi manns þá brjálást og segja að þetta hafi verið ömurlegur leikur og bara hundleiðinlegur leikur og skamma mann fyrir að vera lélegur í fótbolta?

Mega foreldrar öskra og kalla börnin sín mongólíta, hreyfihamlaða og heimska?

Eiga öll börn ekki rétt á einum fríum tíma hjá sálfræðingi? Ef svo er, hvernig er hægt að bóka þann tíma og þarf það að vera hjá einhverjum sérstökum sálfræðingi?

Frá því að embætti umboðsmanns barna var stofnað hefur verið lögð rík áhersla á að ná til barna og ungmenna til þess að fræða þau um réttindi þeirra og heyra skoðanir barna og fá ábendingar þeirra um það sem betur mætti fara. Mikilvægt er fyrir embætti, sem vinnur í þágu barna, að aðgengi fyrir börn sé tryggt og að þau geti á einfaldan hátt leitað til umboðsmanns barna og fengið upplýsingar um réttindi sín. Embættið kappkostar að svara þeim börnum sem leita til embættisins, eins fljótt og hægt er. Börn sem leita til umboðsmanns barna eða annars starfsfólks embættisins er heitið fullum trúnaði. Starfsfólk embættisins er þó bundið af ákvæðum barnaverndarlaga, nr. 80/2002 um tilkynningarskyldu.

1. mgr. 13. gr. Barnasáttmálans

Barn á rétt til að láta í ljós skoðanir sínar, og felur það í sér rétt til að leita, taka við og miðla hvers kyns vitneskju og hugmyndum, án tillits til landamæra, annaðhvort munnlega, skriflega eða á prenti, í formi lista eða eftir hvers kyns öðrum leiðum að vali þess.

Flest erindi frá börnum berast með tölvupósti á netfangið ub@barn.is, eða í gegnum vefsíðuna, undir liðnum spurt og svarað. Þegar erindi berst eftir síðari leiðinni getur viðkomandi barn ráðið því hvort svar við því birtist á heimasíðunni www.barn.is eða hvort það fái sent persónulegt svar á netfang sitt. Ekki er gerð krafa um að börn gefi upp nafn eða aðrar persónulegar upplýsingar. Ýmis svör við spurningum sem borist hafa frá börnum

og unglíngum er hægt að lesa á barna- og unglíngasíðu embættisins. Þó svo að fyrrgreindar leiðir séu algengastar þegar börn leita til umboðsmanns barna hefur það færst í aukana að bæði börn og fullorðnir komi á skrifstofu hans og óski eftir upplýsingum og aðstoð. Umboðsmaður barna hefur leitast við að aðlaga húsnæði sitt að þörfum barna auk þess sem skrifstofan er vel merkt og staðsett miðsvæðis í Reykjavík í umhverfi sem flestir þekkja.

Umboðsmaður barna leitast einnig við að eiga samskipti við börn með öðrum hætti, t.d. með því að fara í heimsóknir og halda kynningar fyrir skóla, frístundaheimili og ungmennaráð. Þá er umboðsmaður barna einnig með sérstakan ráðgjafarhóp, sem hann hittir með reglubundnu millibili, en þar eiga sæti unglíngar á aldrinum 13 til 18 ára. Nánar verður fjallað um ráðgjafarhópinn í kaflanum „Lýðræðisleg þátttaka barna“.

Vefmiðlar

Vefsíðu embættisins, www.barn.is¹, er ætlað að vera almennur gagnagrunnur um réttindi og ábyrgð barna og hvaðeina sem varðar hagsmuni þeirra. Vefsíðan skiptist í tvo hluta, þ.e. aðalsíðu og barna- og unglíngasíðu.

Á aðalsíðunni má finna upplýsingar um starfsemi embættisins. Þar eru einnig margvíslegar upplýsingar um réttindi barna, gildandi lög og reglur sem og upplýsingar um stofnanir og samtök sem koma að málefnum barna.

Barna- og unglíngasíðunni er ætlað að veita börnum og unglíngum upplýsingar og ráðgjöf um réttindi sín á einfaldan og aðgengilegan hátt. Á síðunni er auk þess að finna upplýsingar um mismunandi málaflokka og leiðbeiningar um hvert sé hægt að leita til að fá frekari aðstoð. Vefsíðan er jafnframt vettvangur fyrir börn og unglínga til þess að koma skoðunum sínum á framfæri en þar geta þau sent inn ábendingar eða fyrirspurnir til umboðsmanns barna, eins og áður segir.

Embættið er virkt á samfélagssíðunni „Facebook“ og þar er einnig möguleiki að senda embættinu skilaboð og fá svör.

Umboðsmaður barna í fortíð, nútíð og framtíð - málþing

Umboðsmaður barna efndi til málþings um embættið í fortíð - nútíð og framtíð í tengslum við starfslok Margrétar Maríu Sigurðardóttur. Málþingið fór fram þann 24. maí í sal Þjóðminjasafnsins og haldið í samstarfi við forsætisráðuneytið og Þjóðminjasafnið.

Á málþinginu fjallaði Þórhildur Línal, fyrsti umboðsmaður barna, um upphaf embættisins og fyrstu tíu árin í starfi. Þá fjallaði Margrét María Sigurðardóttir, fráfarandi umboðsmaður barna, meðal annars um þau mál sem brunnu á henni við starfslok. Þá stýrði ráðgjafarhópur umboðsmanns barna stefnumótunarvinnu um framtíð embættisins þar sem fundargestir lögðu sitt af mörkum með aðstoð snjalltækja. Að lokum héldu fulltrúar ungmenna úr ráðgjafarhópnunum erindi um það hvert embættið ætti að stefna. Fundarstjórn var jafnframt í höndum þeirra.

Kynning á embætti umboðsmanns barna

Samkvæmt c-lið 2. mgr. 3. gr. laga um umboðsmann barna nr. 83/1994 skal embættið stuðla að því að kynna fyrir almenningi löggjöf og aðrar réttarreglur er varða börn og ungmenni. Kynning á hlutverki og starfsemi embættisins, sem og fræðsla um réttindi barna á öllum sviðum, er veigamikill þáttur í starfi umboðsmanns ár hvert. Auk þess er reglulega óskað eftir því að umboðsmaður barna haldi erindi á málþingum eða ráðstefnum um sértækari málefni og veiti fjölmiðlum viðtöl. Hann reynir ávallt að verða við slíkum beiðnum.

¹ Einnig er hægt að fara inn á heimasíðuna í gegnum www.umbodsmadurbarna.is.

Fráfarandi umboðsmaður barna setti sér það markmið að heimsækja alla skóla landsins fyrir lok maímánaðar árið 2017. Í janúarmánuði var því markmiði náð þegar Grunnskóli Vestmannaeyja var heimsóttur og hafa því allar grunnskólar landsins verið heimsóttir af umboðsmanni barna eða starfsmanni embættisins.

Einnig fengu ungmenni í Borgarholtsskóla, Samfés og ungmennaráði Árborgar fræðslu á árinu. Þá komu nemendur frá Félagsráðgjafardeild og Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands í heimsókn og fengu fræðslu um embættið og réttindi barna.



Áhyggjuefni fráfarandi umboðsmanns

Hinn 24. maí gaf fráfarandi umboðsmaður barna út skýrsluna „Helstu áhyggjuefni 2017“. Í þeirri skýrslu er fjallað um þær athugasemdir sem brýnast væri að koma á framfæri við umboðsmannaskiptin, sem fram fóru þann 1. júlí 2017. Skýrslan var gefin út rafrænt og er aðgengileg í heild sinni á vefsíðu umboðsmanns barna.

Samantekt og tillögur

Þegar fjallað er um málefni barna er vinnulag við ákvörðunartöku og viðhorf til barna og réttinda þeirra það sem skiptir hvað mestu máli. Þegar þekking á réttindum barna er góð og nægilegt fjármagn fylgir stefnumótun og lagasetningu má búast við árangri í málefnum sem varða börn beint. Hér á eftir eru tillögur umboðsmanns úr áðurnefndri skýrslu teknar saman.

Börn eiga sín eigin réttindi

- Að íslenska ríkið tryggi nægt fjármagn til fræðslu um efni Barnasáttmálans og þær kröfur sem hann gerir, fyrir börn jafnt sem fullorðin fólk og stofnanir og fagstéttir sem fást við málefni barna. Þetta er forsenda þess að hægt sé að bæta samfélagið til hagsbóta fyrir börn.
- Að opinberir aðilar sýni gott fordæmi með því að temja sér þann hugsunarhátt sem Barnasáttmálinn boðar og nýti sér hann sem tæki til þess að tryggja réttindi barna.

Viðhorf og þekking á réttindum barna

- Að íslenska ríkið og sveitarfélög standi við gefin loforð og fari eftir lögum og reglugerðum sem sett hafa verið til að tryggja réttindi barna.
- Að opinberir aðilar vandi vinnubrögð, sérstaklega þegar kemur að ákvörðunum sem varða börn.
- Að allir í samfélaginu sýni umönnun barna og faglegu starfi virðingu í samræmi við mikilvægi þessara þátta fyrir samfélagið allt.
- Að íslenska ríkið fullgildi og innleiði 3. valfrjálsu bókunina við Barnasáttmálann. Að undangengnu átaki þar sem stjórnvöldum og úrskurðaraðilum er boðin fræðsla um kröfur Barnasáttmálans þegar kemur að þjónustu við börn.

Friðhelgi einkalífs og ákvarðanataka

- Að fræðsla, reglur og lagaframkvæmd miði að því að deilur foreldra bitni sem minnst á börnum.
- Að dómstólar, sýslumenn og foreldrar virði alltaf rétt barna til að tjá sig áður en teknar eru eða endurmetnar ákvarðanir um forsjá, umgengni eða búsetu, óháð því hvort deilur séu á milli foreldra eða ekki.
- Að foreldrar og aðrir, svo sem fjölmiðlar, sem birta opinberlega myndir eða upplýsingar um börn á Netinu hugi að réttindum og leggi sjálfstætt mat á hagsmuni þeirra. Að stjórnvöld og dómstólar virði rétt barna til verndar gegn ofbeldi og nauðung.
- Að stjórnvöld setji ákvæði í lög sem tryggja að drengir fái sjálfir að ákveða hvort þeir vilji láta umskera sig þegar þeir hafa aldur og þroska til.
- Að heilbrigðisstarfsfólk breyti ekki líkómum ungra barna með ódæmigerð kyneinkenni að óþörfu. Að stuðlað verði að vitundarvakningu um að kyn og kyngervi séu ekki endilega fastmótuð hugtök, heldur ákveðinn skali mannlegs fjölbreytileika.
- Að Þjóðskrá gefi vilja barna aukið vægi þegar kemur að nafnabreytingum.
- Að stjórnvöld uppfylli skyldur 3. og 12. gr. Barnasáttmálans þegar þjónusta við börn er skert, sérstaklega þegar ákvörðun um skerta þjónustu hefur mikil áhrif á daglegt líf barna og velferð þeirra.
- Að hætt verði að bjóða foreldrum upp á að takmarka rétt barna sinna til að tjá sig í könnunum sem lagðar eru fyrir nemendur í vísinda- og forvarna-skyni.
- Að mikilvægar ákvarðanir um skólastarf verði ekki teknar nema með samráði við nemendafélög og fulltrúa nemenda í skólaráði.
- Að Alþingi breyti æskulýðslögum þannig að sveitarfélögum verði gert skylt að starfrækja ungmennaráð og setji þeim skýrar reglur.

Jafnræði

- Að stjórnvöld safni upplýsingum um hag barna og þjónustu við þau og noti þær til að tryggja réttindi þeirra hópa sem standa höllum fæti þegar kemur að efnahagslegum gæðum og mismunandi þjónustu sveitarfélaganna.
- Að börn foreldra á leigumarkaði fái að njóta æsku sinnar í öruggu húsnæði og að foreldrum þeirra verði tryggð aðstoð til að geta séð þeim fyrir nauðsynjum.
- Að hætt verði að líta á umgengnisforeldra sem barnlausa einstaklinga og þeim tryggður sá stuðningur sem þeir þurfa til þess að geta sinnt framfærslu og umgengni við börn sín.
- Að sjúkratrygging, sem einstaklingar frá ríkjum utan EES sem fá hér dvalarleyfi eiga að kaupa sér, taki til kostnaðar vegna meðgöngu og fæðingar.
- Að lög um fæðingar- og foreldraorlof verði endurskoðuð þannig að börnum verði ekki mismunað með ómálefnalegum hætti eftir stöðu foreldra þeirra. Lengja ætti fæðingarorlof í eitt ár.
- Að börnum standi til boða vist á ungbarnaleikskóla sveitarfélaga frá eins árs aldri.

Börn sem þurfa aðstoð og vernd

- Að þeir sem koma að úthlutun opinbers fjár kynni sér og skilji hvernig snemmtæk íhlutun hjá börnum með sérþarfir getur dregið úr vanda þeirra. Hún geti minnkað þjáningu og sparað í opinberum rekstri til lengri tíma, og að þeir taki ákvarðanir í samræmi við það.
- Að þeir sem taka ákvarðanir um hvers konar aðstoð eða afgreiðslu börn með sérþarfir fá, gæti þess að börn foreldra sem eru ekki í stakk búnir til að berjast fyrir rétti þeirra fái sambærilega þjónustu og önnur börn. Þá er brýnt að huga að því að koma fram við hvert einasta barn sem sjálfstæðan einstakling með eigin réttindi.
- Að við úthlutun fjármuna verði tryggt að börn með sérþarfir hafi greiðan aðgang að fagfólki sem sinnir greiningum, meðferð, þjálfun og aðstoð. Efla þarf þær stofnanir sem sinna börnum með sérþarfir og biðlistum í þessum málaflokkum verður að útrýma til langframa.
- Að barnavernd verði eflað þannig að málafjöldi á hvern barnaverndarstarfsmann verði ásættanlegur. Að börn geti alltaf hringt eða sent skilaboð til barnaverndarstarfsmanns á vakt.
- Að barnaverndarnefndir meti alltaf hvort þörf sé á því að skipa barni talsmann í barnaverndarmáli og þeim börnum sem gæti þurft að vista utan heimilis.
- Að langþráð meðferðarúrræði fyrir börn með tví- eða fjölpættan vanda verði að veruleika sem allra fyrst. Ríkið hætti þar með að brjóta á rétti þeirra barna sem öðrum stofnunum ríkis og sveitarfélaga hefur ekki tekist að sinna sem skyldi.
- Að stjórnvöld og aðrir sem taka á móti fjölskyldum í leit að alþjóðlegri vernd tryggi börnum sérstaka hagsmunagæslu og gæti þess að komið sé fram við þau sem sjálfstæða einstaklinga með eigin réttindi. Þau hafi m.a. rétt til menntunar, heilbrigðisþjónustu, til að leika sér og fái upplýsingar um eigin stöðu og hafi áhrif á eigið líf.
- Að stjórnvöld sendi aldrei börn í hættulegar aðstæður og að ákvarðanir um brottvísun og veitingu dvalarleyfis og alþjóðlegrar verndar séu teknar í samræmi við það sem er viðkomandi barni eða börnum fyrir bestu.
- Að börn fái ávallt að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við meðferð mála sem þau varðar.





Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 20. nóvember 1989. Sáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu hópur sem hafi sjálfstæð réttindi, óháð foreldrum eða forsjáraðilum. Að þau þarfnist sérstakrar umönnunar og verndar umfram hina fullorðnu. Barnasáttmálinn er útbreiddasti mannréttindasamningur heims en hann hefur verið fullgiltur hjá nánast öllum þjóðum. Sáttmálinn var undirritaður fyrir Íslands hönd árið 1990 og fullgiltur í nóvember árið 1992. Í febrúar 2013 var hann síðan lögfestur á Alþingi með lögum nr. 19/2013.

Barnasáttmálinn gerir kröfur um hugarfarsbreytingu í afstöðu samfélagsins til barna og að viðurkennt sé að börn hafi sjálfstæð réttindi sem ber að meta óháð stöðu fullorðinna.

Umboðsmaður barna hefur lengi lagt mikla áherslu á kynningu á Barnasáttmálanum og að stjórnvöld, fullorðnir og börn þekki þau réttindi sem hann hefur að geyma. Töluvert hefur áunnist í kynningarmálum á Barnasáttmálanum og aukin vitund hefur átt sér stað í samfélaginu um sjálfstæð réttindi barna. Auk embættisins er þessi árangur ekki síst að þakka félagasamtökum á borð við UNICEF og Barnaheill – Save the Children á Íslandi. Aukinn áhugi og skilningur á réttindum barna í íslensku samfélagi kemur fram með ýmsum hætti.

Talsmenn barna á Alþingi

Umboðsmaður barna, UNICEF á Íslandi og Barnaheill – Save the Children á Íslandi stóðu í annað skiptið fyrir því að stjórnmalaflokkar á Alþingi skipuðu úr sínum röðum sérstaka talsmenn barna eftir kosningarnar 2016.

Í upphafi árs 2017 undirritaði hópur þingmanna yfirlýsingu um að gerast talsmenn barna á Alþingi. Hópin skipuðu þingmenn úr öllum flokkum eða þau: Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna; Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata; Bryndís Haraldsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins; Eygló Harðardóttir, þingmaður Framsóknarflokksins; Nichole Leigh Mosty, þingmaður Bjartrar framtíðar; Oddný Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar og Pawel Bartoszek, þingmaður Viðreisnar. Þingmennirnir höfðu jafnframt setið námskeið á vegum UNICEF á Íslandi, Barnaheilla – Save the Children á Íslandi og umboðsmanns barna um Barnasáttmálann og hvernig nota má hann sem hagnýtt verkfæri við ákvarðanatöku og stefnumótun. Fulltrúar ungmennaráða ofangreindra aðila sáu um fræðsluna.

Verkefnið sem var fyrst komið á fót árið 2014 þótti gefa góða raun og því var ákveðið að endurtaka leikinn á nýju kjörtímabili.

Hlutverk talsmanna barna er að hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í störfum sínum. Talsmenn barna eru hvattir til að tileinka sér barnvæn sjónarmið, bera réttindi og hagsmuni barna fyrir brjósti og vekja athygli á áhrifum þeirra ákvarðana sem teknar eru á Alþingi á börn dagsins í dag sem og börn framtíðarinnar. Eins er þeim ætlað að tryggja að börn og talsmenn þeirra fái tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við þingmenn áður en teknar eru ákvarðanir sem varða börn með einum eða öðrum hætti.

Dómur Hæstaréttar markar tímamót

12. gr. Barnasáttmálans

Aðildarríki skulu tryggja barni sem mynd- að getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálst í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.

Vegna þessa skal barni einkum veitt tækifæri til að tjá sig við hverja þá málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi sem barnið varðar, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu talsmanns eða viðeigandi stofnunar, á þann hátt sem samræmist reglum í lögum um málsmeðferð.

Umboðsmaður barna hefur lengi talað fyrir því að réttur barna til að tjá sig við meðferð máls í málum sem varða þau sé virtur við meðferð mála hjá stjórnvöldum. Barnasáttmálinn leggur þá skyldu á aðildarríkin að tryggja að börn sem geta myndað eigin skoðanir, fái að tjá sig áður en teknar eru ákvarðanir sem varða þau, sbr. 12. gr. Barnasáttmálans. Auk þess skal taka tillit til skoðana barna í samræmi við aldur og þroska þeirra og þá skulu hagsmunir barna ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir sem þau varða, sbr. 3. gr. Barnasáttmálans. Þá hefur Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna ítrekað bent á að ekki sé hægt að meta hvað sé barni raunverulega fyrir bestu nema það hafi fengið tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á eigin forsendum. Í þessu samhengi er rétt að áréttu að aðildarríkjum að sáttmálanum ber skylda til að búa svo um að barn fái að tjá sig, ef það kys að gera það, en ekki er um

skyldu að ræða að það tjái sig við málsmeðferð. Umboðsmaður barna hefur fengið til sín mál þar sem tekin var ákvörðun um hagi barns hjá stjórnvöldum án þess að réttur barns til að tjá sig væri virtur. Þróunin virðist vera sú að í auknum mæli er leitað eftir skoðunum barna, líkt og skylt er að gera samkvæmt lögum, og er það ánægjulegt.

Mikilvægur dómur féll í Hæstarétti 29. nóvember í máli nr. 703/2017 þar sem reyndi á þetta ákvæði. Þar hafði lögheimili barns verið skráð til bráðabirgða hjá föður án þess að leitað hafi verið eftir skoðun þess. Barnið sem um ræðir var tíu og hálf árs gamalt en því hafði hvorki verið gefið tækifæri til að tjá sig um hvar lögheimili þess skyldi vera til bráðabirgða né hvernig umgengni þess við hitt foreldrið yrði háttáð. Hæstiréttur vísaði málinu heim í hérað til lögleggrar meðferðar og uppkvaðningu úrskurðar að nýju með þeim rökum að samkvæmt 3. mgr. 1. gr. barnalaga, nr. 76/2003 og 12. gr. Barnasáttmálans, sbr. lög nr. 19/2013, væri skylt að leita eftir afstöðu barns og taka réttmætt tillit til hennar og væri það meginregla. Það hafi hins vegar ekki verið gert við meðferð málsins og var því úrskurður héraðsdóms felldur úr gildi og vísað aftur heim í hérað. Umboðsmaður barna fagnar dómnum þar sem áréttuð er framangreind meginregla, og þá sérstaklega vísun Hæstaréttar í Barnasáttmálann. Það er von umboðsmanns að framvegis verði vísað í hann við meðferð mála hjá stjórnvöldum þar sem reynir á þau réttindi sem sáttmálinn kveður á um.

Stjórnarsáttmáli nýrrar ríkisstjórnar

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar, sem kynntur var 1. desember 2017, er að finna stefnuyfirlýsingar sem snúa sérstaklega að börnum. Þar er tekið fram að gott samfélag sé barnvænt samfélag og að mikilvægt sé að tryggja börnum jöfn tækifæri í frístunda- og menningarstarfi. Sérstaklega er þess getið að framfylgja beri ákvæðum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og að börn eigi rétt til aukinna áhrifa í samfélaginu.

Umboðsmaður telur aukna meðvitund um sjálfstæð mannréttindi barna jákvæða þróun en áréttað að þrátt fyrir að vísbendingar séu til staðar um viðhorfsbreytingar í samfélaginu og hjá stjórnvöldum er enn langt í land að mannréttindi barna séu virt að fullu. Hafa verður í huga að íslensk stjórnvöld hafa tekið á sig þær skuldbindingar sem Barnasáttmálinn kveður á um og hafa sáttmálann í gildi að lögum hér á landi. Stjórnvöldum ber því skylda til að fylgja honum í öllum athöfnum sínum. Þá má sérstaklega nefna nauðsyn þess að sjálfstæð mannréttindi barna séu virt við alla málsmeðferð, ákvarðanatöku og stefnumótun hjá stjórnvöldum.





Starfsemi umboðsmanns barna - viðbrögð við erindum og álit

Mörg erindi sem berast umboðsmanni barna gefa tilefni til viðbragða af hálfu embættisins. Hér er farið yfir slík erindi sem bárust embættinu á árinu 2017.

Málefni barna í leit að alþjóðlegri vernd

Mikil umræða hefur verið um stöðu barna sem leita alþjóðlegrar verndar hér á landi. Umboðsmaður hefur á undanförunum árum beitt sér fyrir því að staða þessara barna verði bætt og réttindi þeirra tryggð. Sérstaklega hefur embættið lagt áherslu á að virt séu sjálfstæð réttindi barna þegar staða barna sem koma til landsins er metin og að réttur þeirra til að tjá sig sé virtur. Þá hefur embættið lagt ríka áherslu á rétt þeirra til þjónustu og aðgengi þeirra að leik og tómsundum, menntun og heilbrigðis- og félagsþjónustu. Þann 1. janúar 2017 tóku ný lög um útlendinga nr. 80/2016 gildi. Í lögnum er að finna ýmis nýmæli eða breytingar sem miða að því að tryggja betur hagsmuni barna, svo sem heimild til að skipa börnum sem koma hingað til lands með fjölskyldum sínum sérstakan talsmann og hagsmunagæslumann.

Afar mikilvægt er að stjórnvöld virði mannréttindi allra barna án mismununar þar sem Barnasáttmálinn tryggir öllum börnum sömu réttindi, án tillits til þjóðernis, kynferðis, stöðu eða nokkurra annarra aðstæðna eða athafna foreldra, sbr. 2. gr. Barnasáttmálans.

Réttur til menntunar og leiks

Í aprílmánuði sendi umboðsmaður barna, Rauði krossinn á Íslandi, UNICEF á Íslandi, Kennarasamband Íslands og Barnaheill – Save the Children á Íslandi sameiginlegt bréf, um rétt barna í leit að alþjóðlegri vernd til menntunar og leiks, til Sigríðar Á. Andersen, dómsmálaráðherra og Kristjáns Þórs Júlíussonar, mennta- og menningarmálaráðherra.

1.mgr.22.gr.Barnasáttmálans

Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að barn sem leitar eftir réttarstöðu sem flóttamaður, eða sem talið er flóttamaður samkvæmt viðeigandi reglum og starfsháttum þjóðaréttar eða landslaga, fái, hvort sem það er í fylgd foreldra eða annarra eða ekki, viðeigandi vernd og mannúðlega aðstoð við að nýta sér þau réttindi sem við eiga og kveðið er á um í samningi þessum og öðrum alþjóðlegum löggerningum á sviði mannréttinda- eða mannúðarmála sem ríki þau er um ræðir eiga aðild að.

Í bréfinu var lýst yfir þungum áhyggjum af stöðu barna sem sótt hafa um alþjóðlega vernd hér á landi og tekið fram að öll börn eiga rétt á viðeigandi menntun. Því til stuðnings var m.a. bent á að sum þeirra barna á grunnskólaaldri sem sóttu um vernd á síðasta ári og dvöldu enn á landinu höfðu verið utan skóla í meira en hálf ár. Börn sem sótt hafa um alþjóðlega vernd hér á landi eru ýmist á forræði þeirra þriggja sveitarfélaga sem innanríkisráðuneytið hefur gert samning við eða á vegum Útlendingastofnunar. Þá er ljóst að börn sem fara í þjónustu sveitarfélaga hafa átt greiðari aðgang að menntun en þau börn sem falla undir þjónustu Útlendingastofnunar. Börnum er því mismunað eftir því hvar þau eru í þjónustu og hið sama á við um ungmenni á framhaldsskólaaldri í þjónustu Útlendingastofnunar, þar á meðal fylgdarlaus börn, sem dvelja hér á landi aðgerðarlaus og án virkniúrræða.

Þá var einnig vakin athygli á því að í sumum tilfellum eru aðstæður, sem börn dvelja við í búsetuúrræðum á vegum Útlendingastofnunar, ekki góðar hvað varðar aðstöðu til leiks. Í því samhengi var vakin athygli á rétti barna til leiks, sbr. 31. gr. Barnasáttmálans, sem er mikilvægur liður í því að bæta andlega og líkamlega heilsu barna og getur hjálpað þeim að takast á við erfiðar aðstæður og áföll.

Að lokum voru stjórnvöld hvött til að tryggja að öll börn í hælisleit njóti sömu réttinda, óháð því hvaða aðili ber ábyrgð á þjónustu við þau. Einnig var hvatt til þess að stjórnvöld tryggi börnum skólavist eða önnur viðeigandi menntunarúrræði innan fjögurra vikna frá komu til landsins og að börnum verði tryggð viðeigandi leikaðstaða í öllum búsetuúrræðum.

Í kjölfar þessa erindis sendi dómsmálaráðuneytið bréf til Útlendingastofnunar þar sem óskað var eftir umsögn og afstöðu stofnunarinnar til þeirra atriða sem rakin voru í sameiginlegu bréfi ofangreindra aðila. Í bréfinu var spurt út í hvaða úrræði Útlendingastofnun hafi eða muni grípa til svo tryggja megi umrædd réttindi barna en einnig var bent á að: „Í nýrri reglugerð um útlendingastofnun skuli tryggja að barn sé að jafnaði ekki lengur en fjórar vikur í umsjá stofnunarinnar án þess að vera komið í almennan skóla eða annað úrræði til menntunar. Þá [skyldi] leitast við að barn sé komið í almennan skóla innan 12 vikna frá umsókn um alþjóðlega vernd.“

Úrskurðir Kærunefndar útlendingamála

Umboðsmaður barna hefur á undanförunum árum beint sjónum að réttindum barna sem koma til landsins í leit að alþjóðlegri vernd, hvort sem þau eru fylgdarlaus eða koma í fylgd foreldra. Eitt helsta áhyggjuefnið hefur verið hvort hugað sé nægilega vel að sjálfstæðum mannréttindum barna við málsmeðferð þessara mála hér á landi. Umboðsmaður barna átti fund með Sigríði Andersen, dómsmálaráðherra, 11. september, til að ræða stöðu þessara barna og þar voru kynnt áform embættisins um að taka stöðu þessara barna til sérstakrar skoðunar.

Í lok október óskaði umboðsmaður barna eftir afritum af úrskurðum sem varða börn frá Kærunefnd útlendingamála, þar sem ákvörðun snýr að barni, frá því nefndin tók til starfa. Ætlunin er að kanna hvort mál séu raunverulega metin út frá því sem er börnunum fyrir bestu, í samræmi við 3. gr. Barnasáttmálans ásamt því að sérstaklega verður kannað hvort réttur barna til að tjá sig og hafa áhrif sé nægilega tryggður í samræmi við 12. gr. Barnasáttmálans. Umboðsmaður vonast til að úttekt lokinni að niðurstöðurnar geti gagnast sem grundvöllur vandaðra verklagsreglna sem setja hagsmuni og réttindi barna í öndvegi.

Réttur fatlaðra barna til verndar gegn nauðung

Þann 29. desember 2016 kom út viðamikil skýrsla Vistheimilaneftndar um börn sem vistuð voru á Kópavogshæli árin 1952-1993. Í skýrslunni var farið nánar í tildrög þess að börn voru þar vistuð, hvernig opinberu eftirliti með starfseminni var háttað og reynt að varpa ljósi á hvort börn hafi sætt þar illri meðferð eða ofbeldi.

Í kjölfar skýrslunnar óskaði umboðsmaður barna eftir svörum frá félags- og jafnréttismálaráðherra hvort afstaða ráðuneytisins sé enn sú að fagaðilar sem annast börn tímabundið í þeirra daglega lífi þurfi ekki að sækja um sérstaka undanþágu frá banni við beitingu nauðungar á grundvelli laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011.

Bréfið í heild sinni:

Svar við þessu erindi hefur enn ekki borist frá ráðuneytinu.

Félags- og jafnréttismálaráðherra
Þorsteinn Víglundsson
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 31. mars 2017
UB:1703/8.2.2

Efni: Vernd fatlaðra barna gegn nauðung

Umboðsmaður barna hefur áhyggjur af því að markmiðum laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011 hafi enn ekki verið náð. Umboðsmaður bendir á að í nýlega fullgiltum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er að finna nokkur ákvæði sem taka sérstaklega til réttarstöðu fatlaðra barna. Með samningnum er lögð áhersla á að fötluð börn njóti allra mannréttinda og mannfrelsis til jafns við aðra.

Í þessu samhengi vísar umboðsmaður í bréf sem embættið sendi félags- og húsnæðismálaráðherra þann 19. maí 2015. Þar óskaði umboðsmaður svara við því hvort ráðuneytið teldi lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011 taka til þjónustu við fötluð börn í þeirra daglega umhverfi. Umboðsmanni barst svar frá ráðuneytinu þann 30. júní 2015 þar sem ráðuneytið lét í ljós þá afstöðu sína að umræddum lögum „hafi ekki verið ætlað að taka til forsjáráðila eða þeirra sem annast börn tímabundið í umboði forsjáráðila, s.s. leikskóla, skammtímavistun o.fl.“. Umboðsmaður er ósammála þessari túlkun og sendi ráðuneytinu annað bréf þess efnis þann 16. nóvember 2015. Þar hvatti umboðsmaður ráðuneytið til að endurskoða afstöðu sína enda ljóst að túlkun ráðuneytisins samræmist hvorki orðalagi laganna né ákvæðum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013.

Umboðsmaður vekur athygli ráðuneytisins á athugasemdum sem fram koma í skýrslu Vistheimilaneftndar um vistun barna á Kópavogshæli. Þar tekur nefndin, sem starfar á grundvelli laga nr. 26/2007, undir sjónarmið umboðsmanns um túlkun á ákvæðum réttindagæslulaganna. Í skýrslunni leggur nefndin áherslu á að séð verði til þess að ákvæði um bann við beitingu nauðungar gildi um alla þá fagaðila sem veita börnum þjónustu í daglegu lífi, svo sem á heimilum, stofnunum, skólum eða í annars konar úrræðum.

Umboðsmaður óskar svara við því hvort afstaða ráðuneytisins sé ennþá sú að fagaðilar sem annast börn tímabundið í þeirra daglega lífi þurfi ekki að sækja um sérstaka undanþágu frá banni við beitingu nauðungar á grundvelli laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011. Auk þess er óskað eftir upplýsingum um það hvernig ráðuneytið hyggst bregðast við fyrrnefndri tillögu Vistheimilaneftndar.

Umboðsmaður tekur einnig heilshugar undir tillögu Vistheimilaneftndar um að gerð verði úttekt á störfum réttindagæslumanna og persónulegra talsmanna. Mikilvægt er að þjónusta á grundvelli laganna nái því lágmarki að tryggja fötluðum börnum aðstoð við réttindagæslu.

Ef frekari upplýsinga er óskað vinsamlegast hafið samband í síma 552-8999. Umboðsmaður barna ítrekar jafnframt ósk sína um að funda með ráðuneytinu til þess að fara betur yfir ofangreind sjónarmið.

1. og 2. mgr. 23. gr. Barnasáttmálans

„Aðildarríki viðurkenna að andlega eða líkamlega fatlað barn skuli njóta fulls og sómasamlegs lífs, við aðstæður sem tryggja virðingu þess og stuðla að sjálfsbjörg þess og virkri þátttöku í samfélaginu.

Aðildarríki viðurkenna rétt fatlaðs barns til sérstakrar umönnunar, og skulu þau stuðla að því og sjá um að barni sem á rétt á því, svo og þeim er hafa á hendi umönnun þess, verði eftir því sem föng eru á veitt sú aðstoð sem sótt er um og hentar barninu og aðstæðum foreldra eða annarra sem annast það.“

Virðingarfyllst,

Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna

Fjölskyldumálefni

5. gr. Barnasáttmálans

Aðildarríki skulu virða ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra, eða eftir því sem við á þeirra sem tilheyra stórfjölskyldu eða samfélagi samkvæmt staðbundnum venjum, eða lögráðamanna eða annarra sem að lögum eru ábyrgir fyrir barni, til að veita því tilhlýðilega leiðsögn og handleiðslu í samræmi við vaxandi þroska þess er það beitir réttindum þeim sem viðurkennd eru í samningi þessum.

Á hverju ári berast umboðsmanni barna fjölmörg erindi sem varða málefni fjölskyldna með ýmsum hætti. Þær spurningar sem lúta að þessum mála-flokki eru margvíslegar, t.d. biðja einstaklingar oft um upplýsingar um hvernig bregðast skuli við ákveðnum aðstæðum eða hvaða réttarreglur gilda í ákveðnum málum. Erindi vegna umgengni eru áberandi og eru foreldrar þá oft að velta fyrir sér fyrirkomulagi umgengni, skiptingu umgengni, hvernig eigi að bregðast við ef barn vill ekki umgangast annað foreldri, umgengni milli landa og við aðra úr stórfjölskyldu barns, svo dæmi séu nefnd.

Fjölskyldan er almennt talin best til þess fallin að hlúa að þroska og uppeldi barna. Það endurspeglast meðal annars í inngangi að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013 þar sem viðurkenndur er réttur hvers barns til þess að „alast upp innan fjölskyldu við hamingju, ást og skilning, til þess að persónuleiki þess geti mótast á heilsteyptan og jákvæðan hátt“. Foreldrum ber að sjá til þess að börnum líði vel innan fjölskyldu sinnar og almennt þá eru það þeir sem bera meginábyrgð á uppeldi og þroska sinna barna. Hins vegar er ríkinu skylt, samkvæmt Barnasáttmálanum, að veita foreldrum aðstoð til þess að sinna hlutverki sínu með fullnægjandi hætti, sbr. t.d. 2. mgr. 18. gr. sáttmálans. Það getur skapað mikla togstreitu í lífi barns og haft veruleg neikvæð áhrif á líðan þess ef samskipti eru af einhverjum ástæðum erfið innan fjölskyldunnar. Þau erindi sem börn sem og fullorðnir senda til umboðsmanns barna varða að stórum hluta samskiptavanda innan fjölskyldunnar. Í slíkum málum hefur gjarnan verið bent á þann möguleika að fara í fjölskylduráðgjöf.

Það er því mikil þörf á fjölskylduráðgjöf og afar brýnt að fjölskyldur geti leitað í gjaldfrjálsa ráðgjöf, ef svo ber undir. Börn eiga aldrei að líða fyrir samskiptavanda fullorðinna og ef hægt er að koma í veg fyrir slíkan vanda með góðri ráðgjöf hefur það jákvæð áhrif á líðan barna.

Börn fanga á áfangaheimilinu Vernd

1. mgr. 18. gr. Barnasáttmálans

Aðildarríki skulu gera það sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að sú meginregla sé virt að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska. Foreldrar, eða lögráðamenn, ef við á, bera aðalábyrgð á uppeldi barns og því að barni sé komið til þroska. Það sem barninu er fyrir bestu skal vera þeim efst í huga.

Umboðsmanni barna barst ábending um að í reglum áfangaheimilisins Verndar væri ekki tekið nægjanlegt tillit til hagsmuna barna fanga. Í reglum áfangaheimilisins kemur fram að fangar skuli mæta í hús á kvöldverðartíma mánudaga til föstudaga og dvelja þar til klukkan 19.00. Sneri ábendingin einkum að því að þessi tiltekni tími væri ekki í samræmi við hagsmuni barna fanga og að reglur áfangaheimilisins væru ósveigjanlegar og erfitt að fá undanþágur. Algengt er að samverustundir fjölskyldna fari fram á þessum tíma og er þetta sá tími þar sem einna mestu máli skiptir fyrir börn að báðir foreldrar séu til staðar á

heimilinu. Þá er þetta einnig algengur tími fyrir ýmsa viðburði í lífi barna sem mikilvægt er að foreldrar geti tekið þátt í, svo sem í skólanum eða í íþrótt- og tólmstundastarfi.

Umboðsmaður sendi bréf til Fangelsismálastofnunar þar sem bent var á þessi atriði. Þá var einnig bent á að þó svo að fangelsisrefsing foreldris takmarki möguleika barna til þess að njóta samvista við foreldri er mikilvægt að

leitast sé við að tryggja að staða þess bitni sem minnst á réttindum barna. Að hagsmunir þeirra séu hafðir að leiðarljósi þegar reglur eru mótaðar. Í kjölfar bréfsins bauð umboðsmaður barna aðilum Fangelismálastofnunar og Verndar til sín á fund þar sem þessi mál voru rædd frekar.

Barnavernd

Skipun talsmanns í barnaverndarmálum

Barnaverndarnefndum ber samkvæmt barnaverndarlögum að taka afstöðu til þess hvort skipa eigi barni talsmann þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls. Þann 29. apríl 2016 sendi þáverandi umboðsmaður barna bréf til félags- og húsnæðismálaráðherra þar sem skorað var á ráðherra að beita sér fyrir því að skylda barnaverndarnefnd að skipa barni talsmann í barnaverndarmálum og að hlutverk hans sé skýrt nánar í löggjöf. Bréfið var birt í heild sinni í ársskýrslu embættisins fyrir 2016.

Svar barst frá ráðuneytinu með bréfi dagsettu þann 25. ágúst 2017. Í svarbréfi ráðuneytisins er greint frá því að Barnaverndarstofa hafi sent bréf til allra barnaverndarnefnda þann 3. maí 2016 og vakið athygli þeirra á bréfi umboðsmanns. Þar segir: „Í bréfinu brýndi [Barnaverndarstofa] fyrir barnaverndarnefndum að þeim beri að taka afstöðu til þess hvort skipa eigi barni talsmann um leið og ákvörðun hefur verið tekin um könnun máls. Þá sagði jafnframt í bréfinu að nauðsynlegt væri að barnaverndarnefndir mæti sömuleiðis hvort nauðsynlegt væri að skipa barni talsmann í öðrum tilvikum á meðan barnverndarmál er opið.“

Í bréfi ráðuneytisins kemur fram að óskað hafi verið eftir að Barnaverndarstofa upplýsi ráðuneytið um þróun mála og hvort barnaverndarnefndir fari eftir þeim fyrirmælum sem stofan setti í sínu bréfi. Þá segir að ráðuneytið hafi ítrekað beiðni sína um upplýsingar um þróun þessara mála og svar hafi borist frá Barnaverndarstofu um að málinu verði fylgt eftir með fyrirspurn til barnaverndarnefnda. Einnig er það mat ráðuneytisins að svör við þeirri fyrirspurn muni gefa vísendingar um hvort breytingar hafi orðið á vinnslu mála. Að lokum muni ráðuneytið upplýsa nýjan umboðsmann barna um niðurstöður þeirrar könnunar og tilgreina til hvaða aðgerða gripið verði til ef í ljós kemur misbrestur.

Heilbrigðismál

Réttur barna til heilbrigðisþjónustu

Umboðsmaður barna hefur lengi bent á að geðheilbrigðisþjónusta við börn hér á landi sé algjörlega óviðunandi. Þá hefur dregist á langinn að boðuð úrræði fyrir börn með alvarlegan vímuefna- og afbrotvanda verði að veruleika. Hér er brotið á rétti barna til að fá viðeigandi þjónustu.

Vegna þeirra mála sendi umboðsmaður bréf til félags- og jafnréttismálaráðherra, þar sem vísað var meðal annars í bréf velferðaráðuneytisins til umboðsmanns frá 17. desember 2015 og skýrslu Ríkisendurskoðunar sama ár. Tilgangur með bréfinu var að fá upplýsingar um meðferðarheimili vegna úrræða

2. mgr. 18. gr. Barnasáttmálans

Til þess að tryggja og efla réttindi þau sem kveðið er á um í samningi þessum skulu aðildarríki veita foreldrum og lögráðamönnum viðeigandi aðstoð við að rækja uppeldisskyldur sínar og sjá til þess að byggðar séu upp stofnanir og aðstaða og þjónusta veitt til umönnunar barna.

6. gr. Barnasáttmálans

Aðildarríki viðurkenna að sérhvert barn hefur meðfæddan rétt til lífs.

Aðildarríki skulu eftir fremsta megni tryggja að börn megi lifa og þroskast.

1. mgr. 24. gr. Barnasáttmálans

Aðildarríki viðurkenna rétt barns til að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja, og aðstöðu til læknismeðferðar og endurhæfingar. Aðildarríki skulu kappkosta að tryggja að ekkert barn fari á mis við rétt sinn til að njóta slíkrar heilbrigðisþjónustu.

fyrir börn með alvarlegan vímuefna- og afbrotavanda sem áætlað hefur verið að setja á stofn og á hvaða stigi þær framkvæmdir eru.

Hér má sjá bréfið í heild sinni:

Félags- og jafnréttismálaráðherra
b.t. Þorsteins Víglundssonar
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 16. febrúar 2017
UB

Efni: Úrræði fyrir börn með alvarlegan vímuefna- og afbrotavanda.

Í bréfi til umboðsmanns barna þann 17. desember 2015 frá Velferðarráðuneytinu, sbr. og í skýrslu Ríkisendurskoðunar 2015 kom fram að ráðuneytið hefði ákveðið að stofna nýtt meðferðarheimili fyrir börn á höfuðborgarsvæðinu og hefði falið Barnaverndarstofu að annast frumathugun framkvæmdarinnar. Á hinu nýja meðferðarheimili væri gert ráð fyrir að ungmenni gætu afplánað óskil-orðsbundna fangelsisdóma og setið í gæsluvarðhaldi í lausagæslu. Heimilið myndi jafnframt nýttast eldri unglingum með alvarlegan hegðunar- og vímuefnavanda. Umboðsmaður barna fagnaði því framtaki að opnað yrði nýtt meðferðarheimili.

Velferðarráðuneytið ber ábyrgð á að tiltæk séu heimili og stofnanir til að veita börnum sérhæfða meðferð vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, vímuefnaneyslu og meintra afbrota, sbr. c. lið 1. mgr. 79. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Í reglugerð nr. 533/2015 um afplánun sakhæfra barna er jafnframt kveðið á um að Barnaverndarstofu sé skylt að hafa tiltækt sérhæft meðferðarúrræði sem veitt geti börnum, sem hlotið hafa refsisdóma, fullnægjandi meðferð á sama tíma og öryggi þeirra sé tryggt, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994 er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu og því er óskað eftir svörum við eftirfarandi spurningu: Á hvaða stigi eru framkvæmdir og hvenær stendur til að nýtt meðferðarheimili hefji starfsemi?

Virðingarfyllst,

Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna

Svar barst frá ráðuneytinu þann 25. ágúst þar sem umboðsmaður var upplýstur um að frumathugun væri lokið, sbr. lög um skipan opinberra framkvæmda, nr. 84/2001. Þá hefði Framkvæmdarsýsla ríkisins leitað til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og unnið væri að því að finna lóð sem uppfyllti skilyrði frumathugunar. Í bréfinu segir orðrétt:

„Framkvæmdarsýsla ríkisins gerir ráð fyrir því að vinna þurfi deiluskipulag á þeirri lóð sem fyrir valinu verður en það er á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags geri framkvæmdarsýslan ráð fyrir að því verki verði lokið á vor- eða sumarmánuðum ársins 2018. Þá er gert ráð fyrir því að undirbúningur alútbóðs hefjist á næstu mánuðum og að hönnunarsamkeppni um bygginguna fari fram samhliða skipulagsvinnu. Framkvæmdarsýsla ríkisins gerir ráð fyrir að hönnun nýbyggingar verði lokið á sumar- eða haustmánuðum 2019. Þá gerir áætlunin enn fremur ráð fyrir því að verkleg framkvæmd hefjist á haustmánuðum 2019 og taki um tvö ár.“

Innöndunartæki fyrir börn með slímseigjusjúkdóm

Síðastliðið haust fékk umboðsmaður barna ábendingu um að Sjúkra-tryggingar Íslands greiði einungis 70% niður af eFlow-innöndunartækjum ásamt fylgihlutum fyrir börn með slímseigjusjúkdóm (e. Cystic Fibrosis). Sjúkdómurinn er ólæknanlegur og lýsir sér þannig að slím sem líkaminn framleiðir verður of þykkt. Sjúkdómurinn hefur því m.a. mikil áhrif á lungu og meltingarveg. Foreldrar barna með þennan sjúkdóm þurfa að greiða 30% af kostnaði til hjálpartækja sem eru þeim lífsnauðsynleg meðan fjölskyldur annarra langveikra barna sem þurfa á öndunarvélum, hóstavélum og sogtækjum að halda ásamt fylgihlutum þurfa ekki að bera slíkan kostnað. Hann er greiddur að fullu af Sjúkratryggingum Íslands samkvæmt núgildandi reglum. Umboðsmaður barna telur fulla ástæðu til að endurskoða reglur um greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands. Hann sendi áskorun þess efnis til velferðarráðuneytisins um að tryggja börnum með þennan sjúkdóm lífsnauðsynleg hjálpartæki þeim að kostnaðarlausu. Í því sambandi benti umboðsmaður á 23. og 24. gr. Barnasáttmálans, þar sem fram kemur að ríkjum ber að leitast við að veita fötluðum og langveikum börnum þá aðstoð og þjónustu sem þau þurfa án endurgjalds. Þá eiga hagsmunir barna ávallt að ráða för þegar settar eru reglur sem varða börn og tryggja skal að þær mismuni ekki börnum með ómálefnalegum hætti, sbr. 2. og 3. gr. Barnasáttmálans.

Félags- og jafnréttismálaráðherra
Þorsteinn Víglundsson
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 29. september 2017

Efni: Innöndunartæki fyrir börn með slímseigjusjúkdóm

Samkvæmt reglugerð um styrki vegna hjálpartækja nr. 1155/2013 er kostnaðarþátttaka Sjúkratrygginga Íslands einungis 70% þegar um er að ræða innöndunartæki fyrir börn með slímseigjusjúkdóm (e. Cystic Fibrosis). Á sama tíma eru öndunarvélar greiddar að fullu.

Umboðsmaður barna hefur fengið ábendingu frá foreldrum barns með slíkan sjúkdóm. Endurnýja þarf tækin og fylgihluti reglulega og er því um verulega íþyngjandi kostnað að ræða. Tækin skipta sköpum fyrir líf og heilsu þessara barna.

Samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, ber íslenska ríkinu að leitast við að veita fötluðum og langveikum börnum þá aðstoð og þjónustu sem þau þurfa án endurgjalds, sbr. meðal annars 23. og 24. gr. sáttmálans. Þá eiga hagsmunir barna ávallt að ráða för þegar settar eru reglur sem varða börn og tryggja skal að reglurnar mismuni ekki börnum með ómálefnalegum hætti, sbr. 2. og 3. gr. sáttmálans.

Umboðsmaður barna skorar á ráðuneytið að endurskoða fyrrnefnda reglugerð og tryggja börnum með slímseigjusjúkdóm lífsnauðsynleg hjálpartæki þeim að kostnaðarlausu.

Virðingarfyllst,
Salvör Nordal,
umboðsmaður barna

Skólamál

1. mgr. 28. gr. Barnasáttmálans

1. Aðildarríki viðurkenna rétt barns til menntunar og skulu þau, til þess að réttur þessi nái fram að ganga stig af stigi og þannig að allir njóti sömu tæki færa, einkum:

a. Koma á skyldu til grunnmenntunar sem allir geti notið ókeypis.

b. Stuðla að þróun ýmiss konar framhaldsmenntunar, þar á meðal almennrar menntunar og starfsmenntunar, veita öllum börnum kost á að njóta hennar, og gera aðrar ráðstafanir sem við eiga, svo sem með því að veita ókeypis menntun og bjóða fjárhagslega aðstoð þeim sem hennar þurfa með.

c. Veita öllum kost á æðri menntun eftir hæfileikum, með hverjum þeim ráðum sem við eiga.

d. Sjá til þess að upplýsingar og ráðgjöf um nám og starfsval séu fyrir hendi og aðgengilegar öllum börnum.

e. Gera ráðstafanir til að stuðla að reglulegri skólasókn og draga úr því að nemandur hverfi frá námi.

Stór hluti þeirra erinda sem berast til umboðsmanns barna eru tengd skólamállum, enda er fátt sem snertir börn jafnmikið og menntun.

Í ágúst stóð mennta- og menningarmálaráðuneytið fyrir sérstöku málþingi um framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi. Á því málþingi voru niðurstöður sérstakrar úttektar á skóla án aðgreiningar, sem unnin var af Evrópumíðstöð um menntun án aðgreiningar, teknar til umfjöllunar og umræðu. Í niðurstöðum skýrslunnar kemur meðal annars fram að skýra þurfi betur hugtakið menntun án aðgreiningar og hvernig standa beri að framkvæmd hennar. Í skýrslunni segir að þeir sem vinna að menntamállum þurfi jafnframt á leiðsögn að halda um hvernig haga skuli eftirliti með þeirri framkvæmd og mati á árangri hennar. Þá segir jafnframt að flestir sem sinna menntamállum, á hvaða skólastigi sem þeir starfa, telji að í núverandi tilhögun fjárveitinga og reglna um ráðstöfun fjár sé hvorki tekið mið af jafnræðissjónarmiðum né hugmyndum um skilvirkni.

Umboðsmaður barna hefur komið því ítrekað á framfæri að erfitt hafi reynst að tryggja rétt allra barna til menntunar við hæfi í skólum landsins. Í kjölfar málþingsins sendi umboðsmaður bréf til menntamálaráðuneytis vegna umræddrar skýrslu og fagnaði sérstaklega þeim tillögum sem þar eru að finna. Bréfið má lesa í heild sinni hér:

Kristján Þór Júlíusson
Mennta- og menningarmálaráðherra
Sölvhólsgötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. ágúst 2017
UB:1708/6.2.0

Efni: Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi

Umboðsmaður barna fagnar úttekt Evrópumíðstöðvar um nám án aðgreiningar og barna með sérþarfir og framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi og að skipaður hafi verið stýrihópur til þess að fylgja henni eftir.

Fyrirnefnd úttekt staðfestir þær áhyggjur sem umboðsmaður barna hefur ítrekað komið á framfæri um að skólum hér á landi hafi reynst erfitt að tryggja rétt allra barna til menntunar við hæfi. Má í því sambandi benda á ársskýrslur embættisins og skýrslu sem gefin var út í vor um þau áhyggjuefni sem helst hafa brunnið á embættinu síðustu ár, en hún er aðgengileg á vefnum barn.is.

Umboðsmaður barna vonar að tillögum úttektarhópsins verði komið í framkvæmd sem fyrst, þannig að hægt verði að tryggja börnum á öllum skólastigum viðeigandi aðstoð og stuðning. Einnig vill embættið koma á framfæri ósk um að fá að fylgjast með vinnu stýrihópsins og er reiðubúið til samráðs sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
Salvör Nordal,
umboðsmaður barna

Réttur barna til menntunar

Um haustið barst embættinu erindi er varðaði tvo fatlaða drengi sem ekki fengu inngöngu í framhaldsskóla, en staða þeirra var einnig rædd í fjölmiðlum.

Í kjölfar þessa erindis sendi umboðsmaður bréf til mennta- og menningarmálaráðuneytisins þar sem hann benti á að réttindi þeirra væru ekki virt í samræmi við 2. gr. Barnasáttmálans, þar sem kveðið er á um skyldu ríkisins að tryggja öllum börnum réttindi sín án mismununar.

1. mgr. 2. gr. Barnasáttmálans

Aðildarríki skulu virða og tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningi þessum, án mismununar af nokkru tagi, án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, uppruna með tilliti til þjóðernis, þjóðhátta eða félagslegrar stöðu, eigna, fötlunar, ætt-ernis eða annarra aðstæðna þess eða foreldris þess eða lögráðamanns.



Efni: Réttur til menntunar

Vísað er í fyrri samskipti umboðsmanns barna við mennta- og menningarmálaráðuneytið vegna máls tveggja fatlaðra drengja sem hafa enn ekki fengið inngöngu í framhaldsskóla.

Samkvæmt 28. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013, eiga öll börn rétt á framhaldsmenntun við hæfi. Þá er fræðsluskylda stjórnvalda lögfest í 32. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 en þar segir að öll börn sem lokið hafa grunnskólanámi eða náð 16 ára aldri eigi rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Rökin fyrir því að kveða á um fræðsluskyldu fyrir börn á þessum aldri fremur en skólaskyldu voru sú að virða stigvaxandi rétt barna til að taka sjálfstæðar ákvarðanir um áframhaldandi nám eða starfsþjálfun. Hins vegar var ætlunin ekki að gera minni kröfur til stjórnvalda þegar kemur að menntun barna á framhaldsskólaaldri. Þvert á móti er áréttað í athugasemdum með fyrrnefndu ákvæði að fræðsluskyldan leggi þá skyldu á menntamálaráðuneytið að tryggja að svigrúmið sé þannig að öll börn eigi möguleika á námsvist í framhaldsskóla. Er því ljóst að það er skýrt brot á réttindum barna ef þau komast ekki inn í framhaldsskóla. Skortur á fjármagni, aðstöðu eða starfsfólki getur ekki réttlætt brot á grundvallarmannréttindum barna.

Umboðsmaður barna telur það með öllu óásættanlegt að börnum sé synjað um skólavist á þeim grundvelli að sérþarfir þeirra séu það miklar að framhaldsskólar séu ekki í stakk búinir að taka við þeim, enda ber ráðuneytinu sem fyrr segir að tryggja að slíkt svigrúm sé ávallt til staðar. Má í því sambandi benda á 2. gr. Barnasáttmálans, en þar er kveðið á um skyldu ríkisins til þess að tryggja öllum börnum réttindi sín, án mismununar, m.a. með tilliti til fötlunar. Réttur fatlaðra barna til menntunar til jafns við aðra er enn fremur sérstaklega tryggður í 23. gr. sáttmálans og 24. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Umboðsmaður barna ítrekar áskorun sína til mennta- og menningarmálaráðuneytisins um að virða réttindi barna og útvega drengjunum viðeigandi framhaldsmenntun sem fyrst. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994 á embættið rétt á öllum þeim upplýsingum sem það telur nauðsynlegar til þess að sinna hlutverki sínu. Er því jafnframt óskað eftir því að fá að fylgjast með gangi mála og fá upplýsingar um það hvenær drengirnir munu komast inn í framhaldsskóla. Loks óskar umboðsmaður eftir upplýsingum um það hvaða ráðstafanir ráðuneytið hyggst grípa til, til þess að tryggja að sams konar staða komi ekki upp aftur.

Virðingarfyllst,
Salvör Nordal,
umboðsmaður barna

Svar barst frá ráðuneytinu, dagsett 31. október. Þar sem fram kom að umræddir drengir fengu skólavist 1. nóvember. Í svarbréfinu kom einnig fram að ráðuneytið hefði falið Menntamálastofnun að hafa umsjón með allri innritun í framhaldsskóla og veita ráðuneytinu upplýsingar um niðurstöður forinnritunar í apríl ár hvert og við lok formlegrar innritunar um 10. júní á hverju ári. Að auki kemur fram í svarinu að vegna persónuverndarsjónarmiða sé grunnskólum ekki heimilt að veita þriðja aðila upplýsingar heldur er það ábyrgð foreldra að sjá til þess að þær upplýsingar berist til hlutaðeigandi. Af þeim sökum fái Menntamálastofnun og ráðuneytið ekki tæmandi upplýsingar um fjölda fatlaðra nemenda sem þurfa á námsvist á starfsbrautum að halda.

Markaðssetning í framhaldsskólum

Í upphafi skólaársins 2017 barst ábending varðandi markaðssetningu í framhaldsskólum en færst hefur í vöxt að fyrirtæki geri samning við nemendafélög í formi afsláttar o.fl. Í ljósi þess að flestir nemendur framhaldsskóla eru börn og ungmenni sem eiga rétt á sérstakri vernd hvað varðar auglýsingar og aðra markaðssetningu sendi embættið tölvupóst til nemendafélaga allra framhaldsskóla og nokkurra fyrirtækja.

Í tölvupóstinum var áréttað að nemendafélög starfi á ábyrgð hvers og eins skóla og er það því hlutverk skólans að setja reglur um auglýsingar og aðra markaðssetningu innan skólans. Þó að nemendafélög hafi ákveðið svigrúm til þess að skipuleggja starf sitt er eðlilegt að fyrirtæki kynni sér reglur skólans og afstöðu skólastjórnenda áður en gerðir eru skuldbindandi samningar við nemendafélög. Þá var í bréfinu bent á leiðbeinandi reglur um neytenda-vernd sem umboðsmaður barna og talsmaður neytenda gáfu út árið 2009. En í þeim kemur fram að auglýsingar, kostanir og önnur markaðssókn eða kynningar eru eingöngu heimilar með skriflegu leyfi skólameistara eða fulltrúa hans. Samningar sem gerðir eru til hagsbóta fyrir félagsmenn skulu vera gagnsæir og aðgengilegir nemendum og kynntir skólameistara fyrirfram. Þá megi stjórnarmenn eða aðrir fulltrúar nemendafélaga ekki hagnast eða njóta nokkurra persónulegra hlunninda umfram aðra frá fyrirtækjum vegna viðskipta eða markaðssetningar sem nemendafélagið hefur milligöngu um. Loks er bent á að nemendafélag megi ekki gefa fyrirtækjum upp persónulegar upplýsingar á borð við GSM-númer, heimilisfang eða netfang nemenda til notkunar í markaðssetningu og að fyrirtækjum sé óheimilt að nota nemendalista án samþykkis hvers og eins nemenda.

Fjölmiðlar

Réttur barna til friðhelgi einkalífs

Umboðsmaður barna hefur margoft fengið ábendingar frá einstaklingum og börnum varðandi umfjöllun fjölmiðla um börn sem hugsanlega brytur gegn sjálfstæðum réttindum þeirra. Sem dæmi má nefna þegar foreldrar fara í viðtöl og gefa upp upplýsingar um börnin sín án samráðs eða samþykkis þeirra. Þá eru dæmi um að foreldrar ræði viðkvæm málefni barna sinna án samráðs eða leyfis, s.s. að barn þjáist af þunglyndi eða hafi verið greint með t.d. einhverfu, geðsjúkdóma eða ADHD. Umboðsmaður barna dregur ekki úr mikilvægi þess að opinskátt sé fjallað um viðkvæm málefni í samfélaginu en leggur áherslu á að slík umfjöllun megi með engu móti bitna á réttindum barna.

Réttur til friðhelgi einkalífs er tryggður í 71. gr. stjórnarskrárinnar. Auk þess er börnum tryggður sérstakur réttur til friðhelgi einkalífs í 16. gr. Barnasáttmálans. Umboðsmaður telur einnig rétt að áréttað að börn eiga rétt á sérstakri vernd og endurspeglast það í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar og getur ákvæðið réttlætt undantekningar frá öðrum reglum mannréttindakafla stjórnarskrárinnar, þar á meðal tjáningarfrelsi fjölmiðla. Þegar fjölmiðlar fjalla um börn með einum eða öðrum hætti ber þeim að huga að hagsmunum barnanna og þeirri sérstöðu sem þau njóta, samkvæmt lögum og alþjóðlegum mannréttindasamningum.

1. mgr. 17. gr. Barnasáttmálans

Aðildarríki viðurkenna mikilvægi fjölmiðla, og skulu þau sjá um að barn eigi aðgang að upplýsingum og efni af ýmsum uppruna frá eigin landi og erlendis frá, einkum því sem ætlað er að stuðla að félagslegri, andlegri og siðferðislegri velferð þess, og líkamlegu og geðrænu heilbrigði.

1. mgr. 16 gr. Barnasáttmálans

Eigi má láta barn sæta gerræðislegum eða ólögmætum afskiptum af einkalífi þess, fjölskyldu, heimili eða bréfum, né ólögmætri árás á sæmd þess eða mannorð.



Almenn viðmið um opinbera umfjöllun um börn

Hér er að finna viðmið sem geta nýst fjölmiðlum og öðrum þegar þeir fjalla opinberlega um málefni sem snúa að börnum eða tengjast börnum á einhvern hátt. Þeim er meðal annars ætlað að styðja fjölmiðla í að þjóna almannahlutverki sínu, án þess að skerða réttindi barna með umfjölluninni.

Börn hafa rétt til að tjá sig um málefni sem varða þau og ber að áréttu að þessum viðmiðum er ekki ætlað að takmarka tjáningarfrelsi barna á nokkurn hátt. Þeim er fyrst og fremst ætlað að stuðla að því að öryggi þeirra og velferð sé gætt í hvívetna þegar um þau er fjallað eða þegar börn taka sjálf þátt í almennri umfjöllun. Mikilvægt er að tryggja vandaða og uppbyggilega umfjöllun um málefni barna í fjölmiðlum, ásamt því að stuðla að þátttöku þeirra í samfélagsumræðu.

ALMENN VIÐMIÐ

- Við alla umfjöllun sem varðar börn ber að tryggja að mannréttindi þeirra séu virt og hagar þeirra sé hafður að leiðarljósi.
- Í umfjöllun um barn ber að gæta sérstakrar varkárni og tryggja að komið sé fram við það af virðingu og tekið tillit til þroska þess, aldurs og stöðu að öðru leyti.
- Aður en umfjöllun er birt skal meta hvaða áhrif hún getur haft fyrir barnið og tryggja að hagsmunir þess séu hafður að leiðarljósi. Þrátt fyrir að umfjöllun varði ekki beinlínis barnið sjálf, heldur aðra sem því tengjast, skal meta áhrif birtingarinnar á liðan, orðspor og hagsmuni barnsins, óháð samþykki forsjaráðila.

Dæmi:

 - Viðtal við foreldri um erfaleika innan fjölskyldunar, t.d. hegðunar- eða heilsufarsvanda barnsins.
- Ef umfjöllun getur talist viðkvæm eða meiðandi fyrir barn skal ganga úr skugga um að ekkert komi fram í henni sem væri hægt að rekja til barnsins eða fjölskyldu þess. Þetta á sérstaklega við þegar grunur er um að barn hafi brotið af sér eða brotið hafi verið gegn því.

Dæmi:

 - Viðtal við foreldri undir nafni og mynd um afbrot framín gegn barni eða af hálfu barns.
 - Umfjöllun um dóm um kynferðisbrot gegn barni, þar sem finna má svokvæmar lýsingar á aðstæðum að auðvelt gæti verið að rekja það til viðkomandi barns.
- Forðast skal að birta umfjöllun, mynd eða myndband sem gæti haft meiðandi eða niðurbjótandi áhrif á barn, niðurlægt eða komið óorði á það, jafnvel þótt persónuikennum sé breytt eða mynd sé skyggð. Á það við hvort sem umfjöllun varðar einstaka barn, hóp barna eða börn almennt.

Dæmi:

 - Myndband birt á vef fjölmiðils, þar sem barn sé brjóta af sér, en andlit barnsins hefur verið skyggð.
- Þegar höfð eru samskipti við barn er mikilvægt að það viti að það sé að tala við fulltrúa fjölmiðils og að tilgangur viðtalsins/umfjöllunarinnar sé útskýrður fyrir barninu.
- Ávallt skal tryggja að barn samþykki viðtal/myndbirtingu/nafnbirtingu eða aðra umfjöllun sem varðar það beint. Einnig skal meta í hverju tilviki fyrir sig hvort samþykki forsjaráðila sé nauðsynlegt út frá aldri og þroska barns og út frá umfjöllunarefninu. Sérstaklega er mikilvægt að gæta varkárni þegar um viðkvæm málefni er að ræða og hafa í huga að þrátt fyrir að samþykki barns og forsjaráðila séu fyrir hendi þarf að meta hverju sinni hvort umfjöllunin þjóni hagsmunum barnsins.

Dæmi:

 - 12 ára barn vill koma í viðtal og segja frá starfi nemendafélagsins í skólanum. Í slíku tilviki er ekki endilega þörf á samþykki forsjaráðila.
 - 15 ára barn vill koma í viðtal og segja frá erfiðri lífsreynslu sem það hefur orðið fyrir. Í slíku tilviki er gott að fá samþykki forsjaráðila en jafnvel þótt samþykki liggi fyrir skal ekki taka viðtalið ef talið er að það geti haft skaðleg áhrif á barnið til lengri tíma lítið.
- Ef tekið er viðtal við barn skal gæta þess að öryggi þess og velferð sé ekki ógnað með viðtalinu, það niðurlægt, haft að aðhátursferni eða beðið um að rifja upp aföll eða atburði sem gætu valdið því sársauka eða sorg. Það sama á við þegar barn er fengið til að koma fram í fjölmiðli af öðru tilefni, t.d. í hæfileika- og skemmtiþáttum.
- Varast skal að stimpla eða jaðarsetja börn og ekki birta umfjöllun sem elur á fordómum eða stuðlar að neikvæðum viðhorfum gagnvart ákveðnu barni, hópi barna eða börnum almennt.

Dæmi:

 - Varast skal að alhæfa um hóp barna og varpa ábyrgð á samfélagslegum vandamálum á börn, sbr. fyrirsgagnir á borð við „70 nemendur til vandræða í 10. bekk“ eða „Mikilvægt að útrýma offitu barna.“
- Brýnt er að tilkynningarskylda til barnaverndarnefndar sé ávallt virt fái fjölmiðla fólk vitneskju um óviðunandi uppeldisaðstæður hjá barni eða telur hættu á að barn verði fyrir ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.

VIÐAUKI

Börn eru einstaklingar yngri en 18 ára. Börn njóta tjáningarfrelsis og er það áréttuð í Barnasáttmálanum, sem var lögfestur hérlendis með lögum nr. 19/2013, en hann felur í sér viðurkemningu á því að börn séu fullgildir einstaklingar með sjálfstæðum réttindum, óháð réttindum fullorðinna. Að því sögðu eru börn viðkvæm og einnig fríhælt einkalífs, nema lýðræðisliutverk hennar og upplýsingarættur almennings krefjist annars. Einnig er kveðið á um bann við hatursórðri og hvatningu til refsiverðrar hättsemi. Tjáningarfrelsið er ein af grunnstöðum lýðræðis og gegna fjölmiðlar því afar mikilvægu hlutverki í nútímasamfélagi. Skoðanir fólks og umræðan í samfélaginu mótaskast að miklu leyti af því sem fjölmiðlar setja á dagskrá hverju sinni. Því er mikilvægt að vandað sé til verka í allri umfjöllun sem snýr að börnum, að fjölmiðlar geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem þeir bera gagnvart börnum og hagi stórfum sínum samkvæmt því. Framangreindum viðmiðum er ætlað að styrkja fjölmiðla í að þjóna almannahlutverki sínu með réttindi barna að leiðarljósi.

Embættið hafði samband við vefmiðil á árinu vegna myndskreiðs af barni í viðkvæmum aðstæðum þar sem auðvelt var að rekja umfjöllunina til þess og því gengið mjög nærri fríðhelgi einkalífs barnsins. Umboðsmaður barna bað um að myndskreiðið yrði fjarlæggt en viðkomandi fjölmiðill brást við með því að breyta myndskreiðinu þannig að barnið væri ekki greinanlegt og var það jafnframt styt.

Viðmið um opinbera umfjöllun fjölmiðla um börn

Í lok árs 2016 hóf umboðsmaður barna samstarf við Barnaheill – Save the Children á Íslandi, Fjölmiðlanefnd, UNICEF á Íslandi og SAFT um gerð viðmiða fyrir fjölmiðla um umfjöllun um börn. Í upphafi ársins voru viðmiðin gefin út, en þeim er fyrst og fremst ætlað að styðja fjölmiðla í að þjóna almannahlutverki sínu, án þess að skerða réttindi barna. Við gerð viðmiðanna var m.a. litið til sambærilegra viðmiða sem gefin höfðu verið út í Noregi sem og viðmiða sem UNICEF hafði gefið út.

Einnig stendur til að gefa út viðmið sem eru hugsuð sem heilræði fyrir foreldra og aðra aðstandendur barna, vegna umfjöllunar um börn á samfélagsmiðlum. Sami hópur stendur að viðmiðunum og stendur til að gefa þau út árið 2018.

Á vefsíðu umboðsmanns barna (www.barn.is) er hægt að nálgast í heild sinni viðmiðunarreglur fjölmiðla og aðra sem fjalla opinberlega um málefni sem snúa að börnum eða tengjast þeim á einhvern hátt. Er það von umboðsmanns barna að sem flestir fjölmiðlar hafi þau að leiðarljósi. Börn hafa rétt til að tjá sig um málefni sem þau varða og ber að áréttu að þessum reglum er ekki ætlað að takmarka tjáningarfrelsi þeirra á nokkurn hátt. Þeim er fyrst og fremst ætlað að stuðla að öryggi þeirra og að velferð þeirra sé gætt í hvívetna þegar um þau er fjallað eða þegar börn taka sjálf þátt í almennri umfjöllun. Mikilvægt er að tryggja vandaða og uppbyggilega umfjöllun um málefni barna í fjölmiðlum ásamt því að stuðla að þátttöku þeirra í samfélagsumræðu.

Lýðræðisleg þátttaka barna

Umboðsmaður barna hefur ætíð lagt mikla áherslu á 12. gr. Barnasáttmálans sem fjallar um rétt barna til að tjá sig og að tekið sé tillit til skoðana þeirra. Börn eru sérfræðingar í sínu eigin lífi rétt eins og aðrir og er því mikilvægt fyrir embættið að leita eftir röddum þeirra. Á síðastliðnum árum hefur börnum verið veittur ríkari réttur til þess að láta skoðanir sínar í ljós og að tillit sé tekið til þess sem þau hafa fram að færa. Umboðsmaður leggur sig því ávallt fram við að hitta börn og ræða við þau til þess að gefa þeim tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri.

Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna

Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna er ungmennaráð embættisins og er ráðgefandi aðili fyrir umboðsmann um þau málefni sem snúa að börnum og ungmönnum í íslensku samfélagi. Í hópnum eru unglingar á aldrinum 13-15 ára, sem hittast að jafnaði einu sinni í mánuði til að ræða ýmislegt sem varðar málefni barna. Nokkur breyting varð á skipulagi hópsins á þessu ári og stýrði hann sjálfur starfi sínu í samstarfi við starfsmenn skrifstofunnar. Formlegir fundir voru 13 á árinu, auk funda með ráðamönnum, haldin voru fræðsluerindi og undirbúningsfundir haldnir.

Á árinu átti hópurinn meðal annars fund með forseta Íslands, Menntamálanefnd Alþingis og landlækni auk þess sem hópurinn hélt réttindafræðslu fyrir talsmenn barna á Alþingi, fyrir félags- og jafnréttisráðherra, heilbrigðisráðherra ásamt starfsfólki velferðarráðuneytisins. Talsmenn hópsins tóku einnig þátt í nokkrum ráðstefnum, bæði sem þátttakendur og fyrirlesarar. Þar bar einna helst ráðstefnan „umboðsmaður barna í fortíð – nútíð – framtíð“, þar sem hópurinn sá um fundarstjórn og hélt fyrirlestur um framtíð embættisins.

Þá tóku tveir ráðgjafarhópsmeðlimir þátt í að velja nýjan umboðsmann barna en í fyrsta skipti voru börn ráðgefandi aðilar þegar kom að ráðningu hans. Í hópnum voru einnig fulltrúar frá ungmennaráði Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, ungmennaráði UNICEF og ungmennaráði Samfés.

Í tengslum við Alþingiskosningar þann 30. október hélt hópurinn fræðslu fyrir ýmsa stjórn málaflokka sem voru í framboði.

12. gr. Barnasáttmálans

Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálst í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.

Vegna þessa skal barni einkum veitt tækifæri til að tjá sig við hverja þá málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi sem barnið varðar, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu talsmanns eða viðeigandi stofnunar, á þann hátt sem samræmist reglum í lögum um málsmeðferð.

Ákveðin vitundarvakning hefur átt sér stað um réttindi barna og mikilvægi þess að þau fái að láta skoðanir sínar í ljós á þeim málefnum sem þau varðar beint. Hópurinn á meðal annars fulltrúa í ungmennaráði Menntamálastofnunar.

Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna hefur átt gott samstarf við ungmennaráð Barnaheilla – Save the Children á Íslandi og ungmennaráð UNICEF á Íslandi.

Frá Ingu Huld Ármann, formanni ráðgjafahóps umboðsmanns barna

Árið 2017 var ár mikilla breytinga hjá hópnum. Við tókum fyrstu skrefin í að vera sjálfstæð og störfuðum ein án starfsmanns og breyttum skipulagi hópsins. Það tók á en eins og eftir allar breytingar þá getur verið erfitt að laga sig að nýjum aðstæðum. Það tók tíma að laga sig að þessum breytingum en hópurinn var mjög samstíga og tók það þolinmæði og mikla samvinnu að koma starfinu aftur í fullt fjör. Hópurinn blómstraði mjög á árinu, bæði einstaklingarnir í honum og hópurinn í heild sinni. Ég er einstaklega stolt af hópnum og því frábæra starfi sem við unnum á þessu ári.

Krakkakosningar

Undanfarin ár hefur umboðsmaður barna og KrakkaRÚV staðið fyrir verkefninu Krakkakosningar samhliða þeim kosningum sem fram fara í samfélaginu. Markmið með því er að gefa börnum í grunnskóla kost á því að taka þátt í kosningum og kjósa eftir sinni eigin sannfæringu og um leið fá fræðslu um lýðræðislegar kosningar, framboð og frambjóðendur hverju sinni.

Alþingiskosningar krakkanna

Í tilefni af Alþingiskosningum, sem haldnar voru 30. október 2017, stóðu umboðsmaður barna og KrakkaRÚV fyrir krakkakosningum enn á ný. Þar fengu börn tækifæri til að velja þann stjórnmálaflokk sem þeim leist best á.

Allir grunnskólar fengu tækifæri til að taka þátt í þessu verkefni og voru upplýsingar sendar um framkvæmd kosninganna. Þar að auki var sérstakur kosningavefur opnaður þar sem hægt var að nálgast allt efni um stjórnmálaflokkana, upplýsingamyndband um kosningar og lýðræði ásamt myndbandi um störf Alþingis. Niðurstöður krakkakosninganna voru birtar á kosningavöku RÚV á kosningadegi.

Í krakkakosningum til Alþingis tóku um fjögur þúsund krakkar í 59 grunnskólum þátt í verkefninu og voru niðurstöðurnar kynntar á kosningavöku RÚV á kosningadegi. Helstu niðurstöður voru þær að Píratar fengu mesta fylgi, 26,5% atkvæða. Næstur á eftir Pírötum var Sjálfstæðisflokkurinn með 15,1% atkvæða og þriðji stærsti flokkurinn að mati krakka var Alþýðufylkingin með 11,5% atkvæða. Þar á eftir komu Vinstri græn með 9,7%, Viðreisn 9,4%, Miðflokkurinn 7%, Framsóknarflokkurinn 4,3%, Flokkur fólksins 3,4 og Dögun með 1,1% atkvæða.

Könnun á stöðu ungmennaráða sveitarfélaga

Í samræmi við 2. mgr. 11. gr. æskulýðslaga, nr. 70/2007 kemur fram að sveitastjórnnum beri að hlutast til um að stofnuð séu sérstök ungmennaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að vera sveitastjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs

fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Sveitarstjórnir eiga síðan að setja sér nánari reglur um hlutverk og val í ungmennaráðið. Þetta ákvæði æskulýðslaganna er í anda 1. mgr. 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að tryggja skuli rétt barna til að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum sem þau varða og að tekið skuli réttmætt tillit til skoðanna þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Umboðsmaður barna hefur reynt að stuðla að aukinni þátttöku barna og ungmenna í samfélaginu og einn liður í því er málefni ungmennaráða. Frá árinu 2008 hefur umboðsmaður barna sent út könnun með reglulegu millibili til sveitarfélaga þar sem óskað hefur verið eftir upplýsingum um hvort starfandi væri ungmennaráð. Á vormánuðum 2017 óskaði umboðsmaður á ný eftir þeim upplýsingum frá öllum sveitarfélögum með rafrænni könnun. Viðbrögð þeirra voru almennt nokkuð góð en til að fá sem besta svör var hringt í þau sveitarfélög sem ekki höfðu svarað innan þess frests sem gefinn var í upphafi.

Að þessu sinni var einungis leitað svara við þremur spurningum.

Þær voru:

- Er ungmennaráð starfandi hjá ykkar sveitarfélagi?
- Ef já, hver er tengiliður sveitarfélagsins við ungmennaráðið (nafn og netfang)?
- Ef ungmennaráð er ekki starfandi, stendur þá til að stofna slíkt ráð?

Könnunin leiddi í ljós að rúmur helmingur sveitarfélaga eru með starfandi ungmennaráð, sjá töflu 2.

Tafla 2. Niðurstöður eftir fjölda sveitarfélaga.

Ungmennaráð 2017		%
Já	43	58%
Nei	13	18%
Nei, en stendur til	18	24%
Samtals	74	100%

Staðan er hins vegar önnur þegar litið er til íbúa-fjölda sveitarfélaga, þá kemur í ljós að ungmennaráð eru starfandi í þeim sveitarfélögum sem telja um 95% íbúa, sjá töflu 3. Ungmennaráð eru því starfandi í öllum stærstu sveitarfélögum.

Tafla 3. Niðurstöður eftir fjölda íbúa.

Ungmennaráð 2017	Íbúar	%
Já	315.876	95%
Nei	12.865	4%
Nei, en stendur til	3.788	1%
Samtals	332.529	100%



Sveitarfélög með ungmennaráð 2017

Akranes	Kópavogur
Akureyri	Mosfellsbær
Bláskógabyggð	Norðurþing
Blönduósibær	Rangárþing eystra
Bolungarvíkurkaupstaður	Rangárþing ytra
Borgarbyggð	Reykjanesbær
Dalabyggð	Reykjavíkurborg
Dalvíkurbyggð	Sandgerði
Djúpavogshreppur	Seltjarnarnesbær
Eyjafjarðarsveit	Seyðisfjörður
Fjallabyggð	Skeiða- og Gnúpverjarheppur
Fjarðabyggð	Snæfellsbær
Fljótshálsa	Strandabyggð
Flóahreppur	Stykkishólmur
Garðabær	Sveitarfélagið Árborg
Grindavíkurbær	Sveitarfélagið Garður
Grímsnes- og Grafningshreppur	Sveitarfélagið Hornafjörður
Grundarfjörður	Sveitarfélagið Skagafjörður
Hafnarfjarðarbær	Sveitarfélagið Vogar
Hrunamannahreppur	Sveitarfélagið Ölfus
Húnaþing vestra	Vesturbyggð
Hveragerðisbær	

Sveitarfélög sem ekki hafa ungmennaráð

Akrahreppur	Kaldrananeshreppur
Árneshreppur	Kjósahreppur
Borgarfjarðarhreppur	Mýrdalshreppur
Breiðdalshreppur	Reykholahreppur
Eyja- og Miklaholtshreppur	Skagabyggð
Fljótshálsa	Skorradalshreppur
Helgafellssveit	Súðavíkurhreppur
Hvalfjarðarsveit	Svalbarðshreppur
Hörgársveit	Tjörneshreppur

Sveitarfélög sem hafa ekki ungmennaráð en hyggjast setja þau á laggirnar

Ásahreppur	Svalbarðsstrandarhreppur
Grýtubakkahreppur	Sveitarfélagið Skagaströnd
Húnavatnshreppur	Tálknafjarðarhreppur
Ísafjarðarbær	Vestmannaeyjabær
Langanesbyggð	Vopnafjarðarhreppur
Skaftárhreppur	Pingeyjarsveit
Skútustaðahreppur	

Umsagnir

Einn af mikilvægum þáttum í starfi umboðsmanns barna er að veita Alþingi umsagnir um lagafrumvörp og tillögur til þingsályktunar er varða hagsmuni og réttindi barna. Einnig kemur fyrir að óskað er eftir umsögnum um drög að frumvörpum eða reglugerðum sem eru í vinnslu hjá ráðuneytum.

Óvenju fá mál bárust á árinu þar sem þing var rofið 15. september og kosningar haldnar 30. október.

Árið 2017 veitti umboðsmaður barna umsagnir um eftirfarandi mál:

- Frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni), 426. mál.
- Frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 190. mál.
- Tillaga flokkahóps jafnaðarmanna í Norðurlandaráði um vaxandi andlega vanlíðan barna og ungmenna á Norðurlöndum.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir (rafsígarettur), 431. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum (innleiðing samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, stjórnsýsla og húsnæðismál), 439. mál.
- Frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir, 438. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar, 378. mál.
- Umsögn um frumvarp til laga um íslenskan ríkisborgararétt (ríkisfangsleysi), 373. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 160/2008, um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga (endurgreiðsla vegna gleraugnakaupa barna), 215. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum, 3. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak o.fl. (smásala áfengis), 106. mál.
- Frumvarp til fæðingar- og foreldraorlof og tryggingargjald, 84. mál.
- Drög að reglugerð um útlandingamál.

Allar umsagnir umboðsmanns barna fyrir árið 2017 eru aðgengilegar á vefsíðu embættisins, www.barn.is.

1. mgr. 3. gr. Barnasáttmálans

Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn.





Samstarf

Innlendir samstarfsaðilar

Hjá umboðsmanni barna starfa einungis fjórir starfsmenn og er því mikilvægt fyrir starf embættisins að eiga gott samstarf við aðra sem vinna að málefnum barna. Umboðsmaður barna leitar reglulega eftir álitum hjá sérfræðingum á ýmsum sviðum, svo sem hjá starfsfólki stofnana, félagasamtaka eða annarra fagaðila. Umboðsmaður barna mun á næstu árum leita enn frekara samstarfs og ræða við þá sem vinna að málefnum barna með einum eða öðrum hætti.

Bakland SAFT

SAFT – Samfélag, fjölskylda og tækni, er vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun barna og unglinga á Íslandi. Verkefnið er hluti af aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun og er styrkt af framkvæmdastjórn ESB. Fulltrúi frá umboðsmanni barna á sæti í baklandi SAFT.

Barnaheill – Save the children Iceland og UNICEF á Íslandi

Umboðsmaður barna hefur lengi átt gott og farsælt samstarf er við UNICEF á Íslandi og Barnaheill. Þar á meðal er verkefnið „Talsmenn barna á Alþingi“ sem nánar er greint frá fyrr í þessari skýrslu.

Hagstofan

Grunnur að góðri stefnumótun í málefnum barna er greining á stöðu þeirra í íslensku samfélagi. Í þeim efnum skiptir miklu máli að auðvelt sé að nálgast tölfræðileg gögn sem tengjast börnum. Barnaréttarnefnd SP hefur í úttektum sínum gert athugasemdir við að skortur sé á gagnasöfnunarkerfi hér á landi, og til að mynda sé erfitt að fá nauðsynlegar upplýsingar um stöðu viðkvæmra hópa barna í samfélaginu.

Umboðsmaður barna leitaði eftir samstarfi við Hagstofu Íslands haustið 2017 um að gera tölfræðileg gögn um börn sýnilegri í samfélaginu. Umboðsmaður átti fund með Hagstofustjóra, Ólafi Hjálmarssyni, í októbermánuði og síðan starfsmönnum Hagstofunnar, en stofnunin sýndi erindi umboðsmanns barna mikinn áhuga. Vonir standa til að samstarfið verði aukið á næstu misserum.

Háskóli Íslands

Gott samstarf hefur verið við Háskóla Íslands. Embættið hefur verið í góðum samskiptum við ýmsar deildir háskólans, tekið á móti nemendahópum í kynningu og fengið til sín nema í starfsnám.

Háskólinn í Reykjavík

Frá árinu 2009 hefur verið samkomulag í gildi milli umboðsmanns barna og lagadeildar Háskólans í Reykjavík um að taka á móti meistaranemum í starfsnám.

Námsvefurinn www.barnasattmali.is

Umboðsmaður barna hefur undanfarin ár átt í samstarfi við Barnaheill – Save the Children á Íslandi, UNICEF á Íslandi og Menntamálastofnun. Helsta markmið samstarfsins er að stuðla að aukinni vitund almennings um Barnasáttmálann. Samstarfið hófst árið 2008 með útgáfu veggspjalda og bæklinga og á árinu 2009 var settur upp fræðsluvefurinn www.barnasattmali.is. Vefurinn er ætlaður til notkunar í leik- og grunnskóla en hentar einnig öðrum aldurshópum.

Náum áttum

Umboðsmaður barna hefur átt fulltrúa í Náum áttum sem er opinn samstarfs- hópur þeirra sem láta sig farsæld barna og ungmenna varða. Náum áttum er fræðslu- og forvarnarhópur sem skipuleggur morgunverðarfundu einu sinni í mánuði yfir vetrartímann um ýmis mál sem varða forvarnir og velferð barna og ungmenna sem talið er vert að vekja athygli samfélagsins á.

Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna

Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna (RannUng) er ætlað að eiga frumkvæði að og sinna rannsóknum, miðla þekkingu og kynna niðurstöður rannsókna sem varða börn á leikskólaaldri. Á árinu 2017 sat umboðsmaður barna í stjórn RannUng.

SAMAN-hópurinn

Umboðsmaður barna hefur setið í SAMAN-hópnum sem er samstarfsvettvangur frjálsra félagasamtaka, sveitarfélaga og stofnana sem láta sig velferð barna og fjölskyldna þeirra varða. Markmiðið er að vekja athygli á þeirri ógn sem börnum og unglíngum stafar af áfengi og vímuefnum, styðja við foreldra í uppeldislutverkinu og hvetja til jákvæðra samskipta fjölskyldunnar. Þetta hefur verið gert með auglýsingum ásamt fræðslu- og kynningarefni.

Velferðarvaktin

Umboðsmaður barna átti sæti í Velferðarvaktinni á árinu, sem starfrækt er á vegum velferðarráðuneytisins. Vaktinni er ætlað að fylgjast með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum efnahagsbrunsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu og gera tillögur um aðgerðir í þeim efnum. Velferðarvaktin skal huga að velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna, sérstaklega einstæðra foreldra og barna þeirra og afla upplýsinga um aðstæður þeirra sem búa við sára fátækt, svo draga megu úr henni. Velferðarvaktin er ráðgefandi fyrir félags- og húsnæðismálaráðherra sem og stjórnvöld. Gert er ráð fyrir að vaktin afhendi ráðherra stöðuskýrslur með reglubundnum hætti, þar sem fjallað er eftir atvikum um afmörkuð viðfangsefni og lagðar fram tillögur til úrbóta sem stjórnvöld taka afstöðu til hverju sinni. Auk umboðsmanns barna

eiga sæti fulltrúar Bandalags háskólamanna, Barnaverndarstofu, Háskóla Íslands, Reykjavíkurborgar, Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, Heimilis og skóla, UNICEF á Íslandi, mennta- og menningarmálaráðuneytisins, innanríkisráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins, landlæknis og fleiri aðilar.

Annað

Umboðsmaður barna átti í samstarfi við teymi um málefni innflytjenda, Barnaheill – Save the Children á Íslandi, UNICEF á Íslandi, Rauða krossinn og fleiri aðila, eins og þá sem unnu að viðmiðum um opinbera umfjöllun um börn, sem fjallað er nánar um í kafla um fjölmiðla fyrir í þessari skýrslu.

Erlent samstarf

Embættið tók á móti nokkrum erlendum gestum á árinu. Þeirra á meðal voru meðal annars umboðsmaður barna í Skotlandi og fyrirverandi umboðsmaður barna í Ástralíu.

Fundur umboðsmanna barna á Norðurlöndunum

Umboðsmenn barna á Norðurlöndunum funda ár hvert og hafa þeir fundir reynst mikilvægir í starfi embættanna. Á fundunum á sér stað umræða um margvísleg málefni og veitir tækifæri til samráðs og samvinnu milli landa. Fundur ársins var haldinn dagana 18.-20. júní í Kaupmannahöfn.

Fundur samtaka evrópskra umboðsmanna barna (ENOC)

Fundur samtaka evrópskra umboðsmanna fór fram í Helsinki dagana 19.-21. september. Á fundinum var fjallað sérstaklega um kynfræðslu í skólakerfinu en margvíslega önnur málefni báru jafnframt á góma. Ekki síst málefni barna í leit að alþjóðlegri vernd sem hefur verið mikið til umfjöllunar hjá samtökunum á síðustu árum. Umboðsmaður barna sótti fundinn ásamt lögfræðingi embættisins.

Staða barna sem umönnunaraðilar

Umboðsmaður barna sótti fund í Kaupmannahöfn í september, sem skipulagður var af Barns beste, þar sem fjallað var um stöðu barna sem sinna umönnun foreldra eða annarra nákominna. Á fundinum var fjallað um mikilvægi þess að huga að hagsmunum þessara barna, en þessi hópur er falinn, og lítið er vitað um aðstæður þeirra.

Pallborð í Berlín

Umboðsmanni barna var boðið að taka þátt í pallborðsumræðum á málþingi undir heitinu Framing Childhood um hlutverk feðra og foreldrajafrétti. Pallborðið var hluti af opnun sýningarinnar Öld barnsins og haldið í sameiginlegu rými norrænu sendiráðanna í Berlín.

Fundur í Aþenu um börn í leit að alþjóðlegri vernd

Umboðsmaður sótti ráðstefnu í Aþenu í nóvember sem skipulögð var af embætti umboðsmanns barna í Grikklandi og UNICEF og fjallað var sérstaklega um börn í leit að alþjóðlegri vernd.



Heimsóknir, fundir, málþing og ráðstefnur



Heimsóknir og fundir

Umboðsmaður barna fékk á árinu margar heimsóknir frá einstaklingum og fulltrúum stofnana og félagasamtaka. Sömuleiðis heimsóttu umboðsmaður barna og starfsfólk embættisins ýmsar stofnanir og félagasamtök á árinu. Auk þess átti umboðsmaður fundi með ýmsum aðilum í samfélaginu með það fyrir augum að efla samvinnu þeirra sem vinna að hag barna.

Fundur með starfsmönnum ráðuneyta

Umboðsmaður barna ásamt starfsfólki áttu fund með starfsmönnum allra ráðuneyta í byrjun ársins. Tilgangur fundarins var að ræða málefni og réttindi barna og minna á starf embættisins. Fundurinn var afar gagnlegur fyrir alla aðila.

Málþing og ráðstefnur

Janúar

„Hinn Gullni meðalvegur – börn unglingar og samfélagsmiðlar.“ Árleg ráðstefna Barna- og unglingsgeðdeildar LSH (BUGL). Grand hótél.

„Pátttaka ungra barna.“ Málþing Rannung, húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Stakkahlíð.

Febrúar

„Umfang kannabisneyslu. Þróun – áhrif – samfélag.“ Morgunverðarfundur á vegum Náum áttum. Grand hótél.

„Málþing um stafræna borgaravitund - Sameinumst um að gera netið betra!“ Málþing haldið í tilefni af alþjóðlega netöryggisdeginum 2017. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

„Börn, skjátími og þráðlaus örbylgjugeislun.“ Alþjóðleg ráðstefna haldin af félagi foreldra leikskólabarna. Hótél Natura.

Mars

„Einmanaleiki.“ Morgunverðarfundur á vegum Náum áttum. Grand hótél.

„Tómstundadagurinn 2017: Einelti – leiðir til lausna.“ Námsbraut í tómstunda- og félagsmálafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Stakkahlíð.

„Aðlögun flóttafólks og innflytjenda: Greining á umbótatækifærum.“ Opinn fundur þar sem ný skýrsla Alþjóðamálastofnunar var kynnt. Innanríkisráðuneytið og velferðarráðuneytið. Norræna húsið.

Apríl

„Rödd unga fólksins.“ Morgunverðarfundur á vegum Náum áttum. Grand hótél.

„Börn í ábyrgðarhlutverkum.“ Fundur um stöðu barna sem eru í ábyrgðarhlutverkum gagnvart veikum foreldrum sínum. Velferðarráðuneytið.

„Skóli fyrir alla – hindranir eða tækifæri.“ Ráðstefna á vegum málefnaþóps ÖBÍ um atvinnu- og menntamál. Hilton Reykjavík Nordica.

Maí

„Hvernig líður börnum í íþróttum.“ Morgunverðarfundur á vegum Náum áttum. Grand hótél.

„Umboðsmaður barna í fortíð, nútíð og framtíð.“ Umboðsmaður barna. Þjóðminjasafnið.

Ágúst

„Málþing um framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi.“ Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Evrópumíðstöðin og stýrihópur um eftirfylgni með úttekt á menntun án aðgreiningar. Húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Stakkahlíð.

„Frá rauðsokkum til brjóstabyltingar – hvar stöndum við nú?“ Málþing Jafnréttisstofu. Veröld – hús stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.

September

„Umræðufundur um gæðaviðmið frístundaheimila.“ Námsbraut í tómstunda- og félagsmálafræði. Húsnæði Menntavísindasviðs HÍ, Stakkahlíð.

„Menningarlandið 2017 – ráðstefna um barnamenningu.“ Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Byggðarstofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga og Eyþing. Menningarhúsið Berg, Dalvík.

Október

„Viðkvæmir hópar.“ Morgunverðarfundur á vegum Náum áttum. Grand hótél.

„Börnin okkar.“ Ráðstefna um geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni. Geðhjálp. Grand hótél.

Málstofa um stöðu og aðstoð við seinfæra foreldra. Landssamtökin Proskahjálp. Grand hótél.

Nóvember

„Ungmenni utan skóla.“ Morgunverðarfundur á vegum Náum áttum. Grand hótél.

„Á ég að gera það.“ Skólalæping Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hilton Reykjavík Nordica.

„Children art & culture + sustainability.“ Alþjóðleg ráðstefna um barnamenningu í Silkeborg og Árósum. Kulturprinsen.

„Niðurstöður UPR-ferilsins (Universal Periodic Review).“ Opinn fundur á vegum stýrihóps stjórnarráðsins um mannréttindi. Veröld - hús Vigdísar, Háskóla Íslands.









UMBOÐSMAÐUR BARNNA

Kringlunni 1, 5. h – Sími 552 8999 – Barnasími gjaldfrjálst númer 800 5999
Fax 552 8966 – Netfang ub@barn.is – Veffang www.barn.is